VERKALÝÐS-BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (M-L) 3. ÁRGANGUR 5. TBL. 18. MAÍ - 15. JÚNÍ 8 síður 100 kr.

Leiðari: Láglaunastefnan

1. maí á Akureyri

LILJA KRISTJÁNSDÓTTIR FLUTTI ATHYGLISVERÐA RÆÐU Á FUNDI SAMFYLKINGAR 1. MAÍ 1977 Á AKUREYRI OG RAKTI ÞAR M.A. SÖGU BARÁTTU MJÓLKURBÚÐAKVENNA Í REYKJAVÍK Á SÍÐASTA ÁRI. ÞÁ TÓK HÚN FYRIR ÞÁTT ASÍ-FORYSTUNNAR Í BARÁTTUNNI OG TILRAUNIR ALÞÝÐUBANDALAGSINS OG ÞJÓÐVILJANS TIL AÐ SUNDRA KONUNUM Í RÉTTINDABARÁTTU ÞEIRRA. "EITT BRÝNASTA VERKEFNIÐ Í DAG ER EINMITT AÐ BYGGJA VERKALÝÐSFLOKK, SEM VÆRI FORYSTUAFL Í BARÁTTUNNI OG HEFÐI ENGRA ANNARRA HAGSMUNA AÐ GÆTA EN HAGSMUNA ALÞÝÐUNNAR", SAGÐI LILJA Í LOK RÆÐU SINNAR.

SJÁ OPNU BLAÐSINS!

gegn auknu fáveldi í verkalýðshreyfingunni

Endurreisum stéttarfélögin sem baráttutæki verkafólks

LJÓST ER AÐ ALDREI Í SÖGU VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR HEFUR ÁHRIFAVALD OG FRUMKVÆÐI HINNA EINSTÖKU STÉTTARFÉLAGA OG MEÐLIMA ÞEIRRA VERIÐ MINNA. ÞAÐ ER LÍKA LJÓST, AÐ ALDREI HAFA JAFNFÁIR MENN RÁÐIÐ GANGI MÁLA INNAN HREYFINGARINNAR OG LÝÐRÆÐIÐ HEFUR EKKI ÁÐUR VERIÐ AF JAFN SKORNUM SKAMMTI. ÞESSI ÖFUGÞRÓUN HELST Í HENDUR VIÐ HNIGNUN PÓLITÍSKRAR OG FAGLEGRAR FORYSTU VERKALÝÐSINS, SEM VARÐ ENDURBÓTA- OG ENDURSKOÐUNARSTEFNU AÐ BRÁÐ, FORYSTU, SEM VERÐUR Æ BERARI AÐ ÞJÓNKUN VIÐ ATVINNUREKENDUR OG RÍKISVALD ÞEIRRA, EÐA SEM HEFUR HREINLEGA GENGIÐ Í RAÐIR AUÐVALDSINS OG TEKUR NÚ Æ MEIRI ÞÁTT Í STJÓRNUN AUÐVALDSFRAMLEIÐSLUNNAR.

Topparnir í verkalýðshreyfingunni vilja með öllum ráðum halda í stöður sínar og þess vegna er sífaukin samþjöppun valds og vaxandi ósjálfstæði hinna einstöku stéttarfélaga orðin vísvitandi stefna ráðandi manna í verkalýðshreyfingunni. Allsherjarsamflotin komu fyrst til í samningunum 1964. Allt þar til nú, hefur það verið borið undir atkvæði í hverju stéttarfélagi, hvort samninganefnd ASÍ ætti að fá samningsumboð viðkomandi félags, ef tillaga um slíkt hefur legið fyrir frá stjórn stéttarfélagsins - eða hvort félagið semdi sjálft og milliliðalaust.

Framhald á síðu 7

SAMFYLKING 1. MAÍ 1977 stóð fyrir fundi í Reykjavík, og fundi og göngu á Akureyri. Heppnuðust aðgerðir þessar með ágætum, og sýna vaxa di stýrk baráttusinna innan verkalýðshreyfingarinnar. Myndin er frá fundi SAMFYLKINGAR í Glæsibæ. Sjá nánari frásögn í opnu.

Mynd: Verkalýðsblaðið

Yfirvinnubannið: Miðast við hagsmuni atvinnurekenda

SKOÐANIR VERKAFÓLKS Á YFIRVINNUBANNINU ERU VITANLEGA MJÖG SKIPTAR. MARGIR ERU FEGNIR TILBREYTINGUNNI SEM FELST Í ÞVÍ AÐ ÞURFA EKKI AÐ VINNA LENGUR EN TIL 4-5 Á DAGINN. ÖÐRUM FINNST SLÆMT AÐ MISSA TEKJUR ÞÆR SEM YFIRVINNAN HEFUR FÆRT ÞEIM, EN ERU FLESTIR ERU ÞÓ SAMMÁLA UM AÐ EINHVERJAR AÐGERÐIR SÉU NAUÐSYNLEGAR TIL ÞESS AÐ BEYGJA ATVINNUREKENDUR OG RÍKISVALDIÐ. EN ER YFIRVINNUBANNIÐ LÍKLEGT TIL ÞESS AÐ VINNA SIGUR YFIR VINNUVEITENDASAMBANDINU OG RÍKISVALDINU?

Um yfirvinnubannið gildir hið sama og um aðrar verkfallsaðgerðir sem ASÍ-forystan hefur skipulagt á undanförnum árum: aðgerðir eru ákveðnar á mjög ólýðræðislegan hátt og í raun miðaðar við hagsmuni atvinnurekenda en ekki verkafólks. Ákvörðunin um yfirvinnubannið var tekin án nokkurs samráðs við verkafólkið í félögunum og er því aðeins tilskipun frá yfirstéttinni í verkalýðshreyfingunni.

Yfirvinnubannið mun eðlilega minnka tekjur verkafólks og hafa þau áhrif að úthald þess verður mun minna þegar/ef til verkfalla kemur. Verkafólk getur því neyðst til að samþykkja kjarasamninga sem ASÍ-forystan leggur fram til samþykktar - hversu lélegir sem þeir kunna svo að verða.

BARÁTTA GEGN STÉTTASAMVINNU

Sigur í núvernandi kjarabaráttu næst ekki nema með harðri og óvæginni baráttu gegn stéttasamvinnustefnu ASÍ-forystunnar.

Framhald á síðu 6

Fóstrur á Akureyri hafa sagt upp

Fóstrur á Akureyri hafa sent kjaranefnd Akureryarbæjar og Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar (STAK) kröfur sínar um lagfæringu og hækkun á launum sínum. Til þess að fylgja á eftir kröfunum hafa allar fóstrurnar á Akureyri sagt upp starfi frá og með 1. júní.

Fréttaritari VERKALÝÐSBLAÐSINS tók Þórlaugu Baldvinsdóttur, fóstru tali og spurði hana um gang mála.

- Hvers vegna krefjist þið bættra launa og starfsaðstöðu?

- Fóstrustarfið er ábyrgðarmikið starf og krefst stöðugrar endurmenntunar. Þessu er sýndur litill skilningur. Árangur starfsins er ekki hægt að meta í beinhörðum peningum, hann kemur ekki fram fyrr en að einstaklingarnir fara að njóta sín í samfélaginu, sem sjálfstæðir persónuleikar. Okkur finnst við lítið metnar í launakerfinu. Hér á Akureyri er fóstruskortur og verða forstöðukonurnar að vinna inn á deildum fulla vinnu jafnframt því sem þær sjá um forstöðukonustarfið, sem er umfangsmeira hér en í Reykjavík, þ.e. við höfum innritun barna og biðlista sem er erilssamt starf á stundum, alltaf verið að hringja og spyrja hvar í röðinni þetta og hitt barnið sé. Þegar fóstran er hvorttveggja fullur starfskraftur á deild

Framhald á síðu 6

„Atvinnurekendur eiga ekkert hjá okkur" - rætt við Guðlaugu Pétursdóttur starfsstúlku

-73 ÞÚSUND ERU NÚ ÖLL ÓSKÖPIN SEM ÉG FÆ Í LAUNAUMSLAGINU MÍNU Í HVERJUM MÁNUÐI OG ÞEGAR VIÐ HJÓNIN LEGGJUM SAMAN MÁNAÐARHÝRUNA OKKAR BEGGJA, HÖFUM VIÐ 140-150 ÞÚSUND. ÞETTA Á AÐ NÆGJA TIL AÐ FRAMFLEYTA OKKUR HJÓNUM OG 4 BÖRNUM SEM MÉR ERU HEIMA. ÞETTA ER AUÐVITAÐ EKKI VERRA EN GENGUR OG GERIST Í VERKAMANNAFJÖLSKYLDUM, EN MÉR VERÐUR NÚ STUNDUM HUGSAÐ TIL EINSTÆÐRA FORELDRA, GAMALS FÓLKS OG FLEIRI SLÍKRA HÓPA. EG SKIL EKKI HVERNIG ÞETTA FÓLK FER YFIRLEITT AÐ ÞVÍ AÐ LÁTA ENDA NÁ SAMAN Í EINFÖLDUM HEIMILISREKSTRI.

ÞETTA SAGÐI GUÐLAUG PÉTURSDOTTIR, STARFSSTÚLKA Á KÓPAVOGSHÆLI Í SAMTALI VIÐ VERKALÝÐSBLAÐIÐ Á DÖGUNUM. GUÐLAUG SITUR Í BAKNEFND SAMNINGANEFNDAR STARFSSTÚLKNAFÉLAGSINS SÓKNAR Í KJARASAMNINGUNUM OG HEFUR VERIÐ MJÖG VIRKUR FÉLAGI Í SÓKN FRÁ ÞVÍ HÚN HÓF STÖRF Á KÓPAVOGSHÆLI FYRIR 2 ÁRUM. MARGIR LESENDA VERKALÝÐSBLAÐSINS MUNA EFTIR GUÐLAUGU FRÁ BARÁTTUFUNDI SAMFYLKINGAR 1. MAI Í GLÆSIBÆ, EN ÞAR FLUTTI HÚN RÆÐU.

Framhald á síðu 6

VERKALÝÐSBLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Láglaunastefna = launajöfnun?

Hvað er láglaunastefna?

Verkalýðsforingjar svonefndir, forysta atvinnurekenda, ríkisstjórn og framámenn stjórnmálaflokka - allir eru ákafir talsmenn "launajöfnunar" - þeirrar stefnu sem Þjóðviljinn segir "í samræmi við þær hugsjónir að breyta þjóðfélaginu í átt til jafnaðar og réttlætis."

En hér er ekki allt sem sýnist.

"Launajöfnun" ofangreindra samherja byggir á falskenningunni um kökuna sem skiptist milli auðherranna og launafólks. Í dag er kökubiti vinnandi alþýðu sagður lítill - og þá verði laun eingöngu hækkuð á kostnað "þeirra sem betur eru settir".

En í raun vita flestir að framfærslueyrir lítillar fjölskyldu er talinn um 170 þús. kr. á mánuði. Nær öll íslensk verkalýðsstétt nær hvergi því marki fyrir 8 st. vinnudag. En það er ein helsta krafa verkalýðsbaráttunnar að lifa af dagvinnutekjum. Allt tal um "há" laun og "lág" er því sem næst blekking þó svo um verulegan launamun sé að ræða.

Láglaunastefnan felur því sannleikann fyrir fólki og er andstæð baráttunni fyrir að sækja allar launahækkanir í sjóði auðstéttarinnar.

Hve miklar kjarabætur?

Arðurinn sem verkafólk skapar og gerir að raunveruleika lendir hjá auðstéttinni og ríkisvaldi hennar. Nokkrar þúsundir manna ráðstafa arði og eignum tugþúsundanna.

Laun og kjör geta aðeins batnað með því að umráðafé atvinnurekenda og ríkisvalds sé skert.

Þess vegna er ekki til sameiginlegur hagur þessara stétta.

"Greiðslugeta atvinnuveganna" fer einfaldlega eftir baráttu verkafólks og annarrar vinnandi alþýðu - það þarf harða stéttabaráttu!

Davíð Sch. Thorsteinson, formaður iðnrekendasamtakanna, blekkir því fólk þegar hann segir aukna framleiðni vera forsendu kjarabóta. Hann segir einfaldlega að vilji verkafólk fá eina krónu skuli það auka arðinn um tíu krónur fyrst.

Blað Davíðs, Þjóðviljinn, tekur auðvitað undir þetta 24. aprfl þegar leiðari segir úr því að þjóðartekjur hafi hækkað sé sjálfsagt að bæta kjörin. Halda mætti að Jóhannes Nordal Seðlabankastjóri hefði skrifað leiðarann, því í ársskýrslu bankans segir hann, að haldi þjóðartekjur áfram að aukast, sé mögulegt að bæta kjörin.

Launakakan

Kjaraskerðingar bitna á allri vinnandi alþýðu og skerða það sem barist hefur verið fyrir.

Öll vinnandi alþýða þarf að bæta sér tjónið og til viðbótar þvinga laun sem mest upp á við.

Stéttarbræður hagnýta sér aldrei tjón hvors annars, þeir verða að standa saman gegn sameiginlegum óvini - atvinnurekendum og þjónum þeirra í verkalýðsforystunni.

Kökukenningin er andstæð slíku. Hún segir atvinnuvegina geta séð af fastákveðinni upphæð í laun, taki einn "of mikið" fái annar "of lítið". Kjararán frá "hátekjufólki" má ekki bæta, kaupkröfur t.d. málmiðnaðarmanna eru fordæmdar og nota á kaupmáttarlækkun eins hóps til að minnka svoltíð ófánægju hinna lægst launuðu.

Kökukenningin er því blekking sem á að fela sjóði atvinnurekenda, sem fara í fjárfestingar, lúxuslifnað o.fl. og fela að kauphækkun eins hluta verkalýðs hefur engin áhrif á laun annarra hluta hennar, heldur einungis á gróða auðstéttarinnar.

Launamunur

Launamunur sundrar verkafólki á vissan hátt. Hann stafar fyrst og fremst af því að laun sveiflast um ákveðið meðaltal sem samsvarar kostnaði við að búa til og viðhalda vinnuaflinu. Ófaglærður verkamaður "kostar" auðvaldið minna en faglærður verkamaður. Einnig skiptir eftirspurn eftir vinnuafli nokkru máli og skýrir t.d. að kauphækkun iðnaðarmanna var hlutfallslega hærri en annarra 1974.

EIK(m-l) eru fylgjandi launajöfnuði en hafa engar tálsýnir um að hann sé kleifur innan auðvaldsskipulagsins. EIK(m-l) eru á móti fjölgun launataxta innan stéttarfélaga og halda því samtímis fram að samstaða verkalýðsstéttarinnar fáist aðallega með aukinni stjórnmálavitund alþýðu og aukinni stéttvísi. Þar skiptir launamunur minna máli.

Láglaunastefnumennirnir fela að raunverulegar forsendur launajöfnunar er m.a. sú að arðrán manns á manni sé útrýmt og allir nái að lifa af dagvinnu - með baráttunni fyrir sósíalisma og kommúnisma og hvarfi stéttaskiptingar.

Burt með láglaunastefnuna!

ASÍ-þingið síðasta markaði áfram þá stefnu að fylkja sér með atvinnurekendum um kaupráns- og "launajöfnunar"stefnu þeirra. Þetta er auðstéttinni kærkomin stoð, veldur henni minnstum fjárútlátum og elur á sundrungu meðal verkafólks.

Síðan verður hvert stéttarfélag eða félagasamband að berjast fyrir sem hæstum launum, einnig með samvinnu sín í milli og skæruverkföllum þá með þarf.

Krafa EIK(m-l) frá í fyrra um jafna krónutöluhækkun á öll laun er röng og andstæð sókn verkalýðsins í sjóði auðvaldsins. Gagnrýni á hana er réttmæt og fær samtökin til að breyta betur.

Gervirótttæklingar og falsmarxistar verkalýðshreyfingarinnar jafnt sem ASÍ-forystan afla sér tímabundinna vinsælda meðal margra alþýðumanna.

Sammefnari alls þessa er STÉTTASAMVINNA - og bein kauplækkun meðal stórs hluta verkalýðsstéttarinnar.

Mikilvægt er að hafna láglaunastefnunni og setja baráttustefnu

Framhald á bls. 7

1. APRÍL S.L. VAR ÖLLUM KJARASAMNINGUM BANDALAGS STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA (BSRB) SAGT UPP. LÖG BANDALAGSINS, SEM VEITA FÉLÖGUM ÞESS TAKMARKAÐAN VERKFALLSRÉTT, TORVELDA Í RAUN BARÁTTUNA FYRIR BETRI SAMNINGUM.

„Verkfallsréttur" BSRB spor aftur á bak

Heilum mánuði eftir uppsögnina fá einstök félög að koma með sérkröfur sínar. Sjálfur kjarasamningurinn sem sagt var upp 1. apríl fellur ekki úr gildi fyrr en 1. júlí!

Á meðan ráðskast forystan með mál félaganna sem enn verða að bíða með verkfall eða þar til sáttatillaga sáttasemjara er felld. Á meðan eru laun greidd samkvæmt hinum uppsagða og útrunna kjarasamningi.

Tíminn líður

Enginn ákveðinn tími er ætlaður í samningaviðræður BSRB-broddanna og ríkisvalds eða bæjarfélags.

Þá er liðið að hausti ef illa gengur. 10 dögum eftir boðun verkfalls skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu og er þá verkfalli frestað.

Sáttatillagan er lögð undir allsherjar atkvæðagreiðslu. Það tekur 2o daga. Sé hún samþykkt, gildir hún sem kjarasamningur í tvö ár, sem er alltof langur tími.

Sé hún ekki samþykkt hefst allsherjar verkfall sem á að koma í veg fyrir nothæfa verkfallsbaráttu einstakra hópa og félaga.

Eru þá liðnir 6-7 mánuðir frá því kjarasamningum var sagt upp! Verði samið, stöðvast verkfall að venju. Á meðan geysar verðbólgan og kaupmáttur launa minnkar.

Sérkjarasamningar

En öllu er ekki lokið. Eftir eru sérkröfur félaganna. Hafi aðalkjarasamningar verið samþykktir og ekki tekist að semja innan 45 daga við einstök félög kveður stéttardómsstóll burgeisana upp sinn Salómonsdóm. En Kjaradómur hefur 45 daga til þessa!

Eru þá liðnir 3 mánuðir til viðbótar. Engin verkfallsbarátta er leyfileg og allt að 9-10 mánuðir eru liðnir frá uppsögn samninganna.

Barátta gegn BSRB-forystunni

Þetta yfirlit sýnir að ólögin um samningamál BSRB eiga að hamla gegn allri baráttu á grundvelli stéttabaráttunnar. Forysta BSRB, m.a. úr Alþýðubandalaginu, fagnaði lögunum sem "sigri" og skrefi í áttina að fullum samnings- og verkfallsrétti. Í raun eru þau skref afturábak og bera stéttasamvinnu BSRB-forystunnar rakið vitni. Almennir félagar BSRB verða að snúa stefnunni við ef ekki á að halda allri baráttu bæjar- og ríkisstarfsmanna fyrir hag sínum niðri.

Aðildarfélögum BSRB þarf að breyta í baráttusamtök, velta BSRB-forystunni úr sessi, afla fulls verkfalls- og samningsréttar sem yrði í höndum félaganna sjálfra og hundsa Kjaradóm algjörlega.

Ari T. Guðmundsson, formaður EIKm-l og Arild Johansen, félagi í AKPm-l í Noregi.

Fundargestir á fundinum um "vinstri" hentistefnuna.
Mynd:Verkalýðsblaðið

Fundur um „vinstri" hentistefnuna: Samstarf hafið með „KFI/ML" og Fylkingunni?

SUNNUDAGINN 8. MAÍ GENGUST EININGARSAMTÖK KOMMÚNISTA (m-l) FYRIR OPNUM FUNDI Í REYKJAVÍK OG VAR FUNDAREFNIÐ VINSTRI HREYFINGIN Á ÍSLANDI. GESTUR FUNDARINS VAR FÉLAGI ARILD JOHANSEN FRÁ KOMMÚNISTAFLOKKI VERKAMANNA (m-l)Í NOREGI (AKP(m-l)).

Fyrst flutti Ari Trausti Guðmundsson, formaður EIK(m-l) ræðu og fjallaði um þróun á "vinstri kantinum" síðustu áratugi. Benti hann m.a. á að ísl. verkalýðsstétt hafi skort pólitískt forystuafl allt frá því á fyrri hluta fjórða áratugs þessarar aldar, þegar Kommúnistaflokkurinn gamli var upp á sitt besta. Eftir að endurskoðunarstefna og stéttasamvinnupólitík urðu ofan á í átökum innan KFÍ, sem svo leiddi til niðurlagningar flokksins 1938, hefur baráttusaga verkalýðsins allt fram á þennan dag einkennst af faglegri og pólitískri hnignun. Verkalýðsbaráttan hefur ekki notið leiðsagnar kommúnista í marga áratugi á Íslandi!

Það er ekki fyrr en nú á 8. áratugnum sem skipulega er hafist handa um uppbyggingu nýs forystuafls fyrir verkalýðsstéttina, marx-leníniskrar kommúnistaflokks. EIK(m-l) leiða þetta starf sem einu marx-lenínísku samtökin á Íslandi.

Norski félaginn rakti nokkra mikilvæga þætti í stéttabaráttunni í Noregi síðustu vikur og mánuði, en sérstaklega tók hann fyrir þátt svonefndra "baudeista" í nokkrum þekktum stórum verkföllum. "Baudeistar" þessir er lítill hópur pólitískra skemmdarverkamanna sem kenna sig við marx-leníniskrar og kommúnisma og sem eru stundum nefndir eftir leiðtoga þessarar stefnu í Svíþjóð, Frank Baude. Baudeisminn skaut upp kolli á Íslandi fyrir fáeinum árum er samtökin KSML voru stofnuð og störfuðu þau nákvæmlega eftir sænsku fyrirmyndinni (höfðu uppi vígorð s.s. "Brjótum niður verkalýðsfélögin - lifi ólöglegu verkföllin!"). KSML klofnuðu síðar í tvennt og urðu þá til KSMLb sem urðu aldrei meira en nafnið eitt. Gamla KSML skipti hins vegar um nafn á páskum 1976 og nefnast eftir það "Kommúnistaflokkur". "Flokkur" þessi ber enn einkenni uppruna síns - baudeismans - og hefur enda aldrei gert upp við ævintýra- og glæpapólitík þá sem KSML boðaði á sínum tíma. Fylkingar "Flokksins" hafa riðlast mjög síðustu vikur og um áramótin gengu nokkrir marx lenínistar úr honum og fleiri hafa fylgt í spor þeirra og yfirgefið hið sökkvandi skip.

Líkur sækir líkan heim

Eftir framsöguræður tvímenninganna á fundinum, hófust frjálsar umræður og létu m.a. höfuðpaurar "kommúnistaflokksins" ljós sitt skína og einnig voru mættir nokkrir gasprarar úr Fylkingunni, trotskistasamtökunum sem aðstoðuðu Björn Jónsson & kompaní hans við að lita skrautsýninqu ASÍforystunnar 1. maí rauða. "KFÍ/ML" og Fylkingin fundu sér sameiginleg baráttumál á fundinum, sem var miklar árásir á EIK(m-l) og AKP(m-l) og "einangrunarstefnu" þeirra. Gunnar Andrésson formaður "flokksins" og Ásgeir Daníelsson Fylkingarleiðtogi ráku svo smiðshöggið á ágætt samstarf samtaka sinna á fundinum með samsuðu ályktunar, sem borin var upp á fundinum. Fyrri hluti hennar var yfirlýsing um stuðning við baráttu AKP(m-l) og framsækins verkafólks í Noregi gegn afturhaldinu þar, en síðari hlutanum er best lýst með orðum norska félagans: "trotskískt bull"! Gunnar og Ásgeir drógu þann hluta þá til baka og var ályktunin síðan samþykkt.

Mikilvægasti lærdómurinn sem dreginn verður af fundinum á sunnudaginn er því sá, að baudeisminn lifir enn góðu lífi í "KFÍ/ML" og að frá honum er ótrúlega stutt yfir í trotskíismann, þetta "eitur í beinum sérhverrar byltingarhreyfingar".

EIK(m-l) berjast ósættanlegri baráttu gegn baudeisma og trotskíisma og stimpla báðar stefnur fjandsamlegar verkalýðsstéttinni og vinnandi alþýðu.

utan úr heimi

lönd vilja sjálfstæði
þjóðir vilja frelsi
alþýðan vill byltingu

„Markmið okkar er lýðræðisríki í Palestinu"

DAOUD KALOTI, FORSTÖÐUMAÐUR UPPLÝSINGASKRIFSTOFU FRELSISSAMTAKA PALESTÍNU, PLO, Í STOKKHÓLMI VAR STADDUR HÉR Á ÍSLANDI DAGANA 23.-27. APRÍL Í BOÐI PALESTÍNUNEFNDARINNAR Á ÍSLANDI. HANN KOM FRAM Á FUNDUM Á VEGUM NEFNDARINNAR, TALAÐI VIÐ FRÉTTAMENN, ÁTTI FUND MEÐ UTANRÍKISRÁÐUNEYTINU OG RÆDDI VIÐ STJÓRNMÁLAFLOKKA OG SAMTÖK MEÐAN Á DVÖL HANS STÓÐ. TÍÐINDAMAÐUR VERKALÝÐSBLAÐSINS TÓK EFTIRFARANDI VIÐTAL VIÐ D. KALOTI UM BARÁTTU PALESTÍNUARABA:

Daoud Kaloti, fulltrúi PLO

- Hvenær hófst vopnuð barátta palestínumanna fyrir kollvörpun síonismanns?

- Upphaf vopnuðu baráttunnar er árið 1965. Fram að þeim tíma höfðum við allt frá 1948 er sionistar tóku völdin í heimalandi okkar reynt með friðsamlegum hætti að fá að snúa heim aftur frá arabalöndunum. Við höfðum barið á allar dyr þar sem einhver von var um aðstoð, en án árangurs. Þegar við grípum til vopna er það gert í nauðvörn því um aðra leið er ekki að ræða ef við eigum nokkru sinni að fá að snúa heim aftur.

Vesturlandafjölmiðlarnir sem aldrei töluðu um baráttu okkar meðan hún var háð með friðsamlegum hætti hafa í dag stimplað okkur sem hryðjuverkamenn. En við spyrjum: Hverjir eru hinir raunverulegir hryðjuverkamenn? Eru það hryðjuverk að vilja binda endi á kynþáttamisrétti og arðrán? Eru það hryðjuverk að vilja stofna lýðræðisríki í Palestínu? Eru það hryðjuverk að vilja að palestínsk alþýða fái að lifa mannsæmandi lífi en þurfi ekki að kveljast við nauman kost í flóttamannabúðum? Ef þetta eru hryðjuverk skal ég fallast á að ég sé hryðjuverkamaður. En mig langar til að benda á að það er sionisminn og heimsvaldastefnann sem fremja raunverulega hryðjuverk í Palestínu.

Loftárásir á flóttamannabúðir, fangelsanir, fjöldamorð á óbreyttum borgurum, þetta eru þau hryðjuverk sem heimsvaldastefnan stendur fyrir fyrir botni Miðjarðarhafs. Sionistar segja alltaf að þetta sé nauðvörn hjá þeim, en ég vil minna á að fjöldanorðin við Deir Yassin, Kafr Kassim og víðar voru framin áður en vopnuð barátta okkar hófst. Stefna sionismanns er að útrýma palestínuaröbum.

- Eiga palestínumenn einhverja bandamenn innan Ísraels?

- Það er stefna PLO að vinna við hlið allra sem berjast vilja gegn fasisma og afturhaldi, fyrir lýðræði og jafnrétti. Barátta okkar miðar að því að frelsa gyðinga undan oki sionismanns. Það er staðreynd, að um 62% gyðinga í Ísrael eru oriental-gyðingar, eða Asíu-gyðingar. Þeir eru kúgaðir af Evrópu-gyðingunum og sæta hlutskipti 2. flokks borgara. Við leitum eftir samstöðu með þessum gyðingum því þeir eiga sameiginlega hagsmuni með okkur. Það er að afhjúpast fyrir fjölmörgum innan Ísraels að sionisminn er andstæður gyðingdómi, og notar hann aðeins til að hylja sitt raunverulega eðli. Sionisminn er hluti nýlendustefnunnar, og myndar í dag framvörð heimsvaldastefnunnar í Mið-Austurlöndum.

- Hvað með ástandið í Líbanon í dag?

-Það er mjög tvísýnt ástand þar. Borgarastyrjöldin í Líbanon er bein afleiðing af þeirri stefnu Henrys Kissingers að reyna að "arabisera" stríðið á sama hátt og "víetnamseringin" fór fram í Víetnam á sínum tíma. Í þessarri styrjöld átti að eyða stöðvum palestínumanna í Líbanon, en það tókst ekki. Við komum sterkir út úr henni. Þetta var alls ekki trúarbragðastríð heldur var þarna um að ræða í fyrsta lagi styrjöld milli leppa heimsvaldastefnunnar annars vegar og palestínumanna og framsækinna afla í Libanon hins vegar, og í öðru lagi var þetta styrjöld þeirra fátæku í landinu gegn hinum ríku. Þeir ríku, sem eru aðeins 5% landsmanna, eiga 96% þjóðarauðs Líbanons.

Þegar palestínumönnum tókst að stöðva árásir sýrlendinga og koma á bandalagi við þá, var unnin stór sigur yfir samsæri heimsvaldasinna gegn palestínumönnum í Líbanon.

Daoud Kaloti, forstöðumaður upplýsingaskrifstofu PLO í Stockholmi. Myndin er tekin á almennum fundi sem Palestínunefndin á Íslandi hélt með honum í Félagsstofnun Stúdenta. Mynd: Verkalýðsblaðið

Fjölmiðlar á vesturlöndum veltu mikið vöngum yfir þjóðþingi Palestínu. Komu þar einkum fram tvær skoðanir á því sem þar myndi gerast. Önnur skoðunin var sú að þjóðþingið yrði vettvangur klofnings og að PLO myndi leysast upp. Hin skoðunin sagði að PLO myndi ekki leysast upp, en þingið myndi viðurkenna Ísrael. Hvorugt þetta gerðist. Þingið staðfesti þá stefnu að halda vopnaðri baráttu áfram, og vísaði frá öllum hugmyndum um "palestínskt smáríki" eða "sambandsríki" við Jórdan. Við munum að sjálfsögðu reisa okkar ríkisvald á hverjum þeim hluta Palestínu sem frelsaður verður, en markmið okkar er frjáls Palestína, og palestínumenn munu aldrei viðurkenna sionistaríkið Ísrael. Þjóðþing Palestínu staðfesti einingu þjóðarinnar um stefnu PLO. Baráttan mun vissulega halda áfram.

- Hve mikil er hættan á nýju stríði fyrir botni Miðjarðarhafs?

- Hún er mikil. Ísrael undirbýr í dag 5. stríðið, og almenningur í Ísrael er settur undir gífurlegan stríðsáróður dag eftir dag. Bæði er, að efnahagur landsins sem byggir á stríði er í kreppu, og ísraelskt auðvald vill stríð til að bjarga honum við. Líka er úti um alla þjóðareiningu í Ísrael, spilling og glæpir fara í vöxt, og stéttaandstæður opinberast. Sionistar vilja ná þjóðareiningu með stríði. Bandaríska heimsvaldastefnan vonar að stríð geti neytt arabaríkin til að ganga að þeim kostum sem hún vill til að tryggja yfirráð sín í þessum heimshluta. Stríð mun örugglega brjótast út, ef ekki á þessu ári, þá á því næsta. Friðarhjal heimsvaldasinna þýðir alltaf að þeir undirbúa stríð.

- Er eitthvað sem þú vildir koma á framfæri að lokum?

- Aðeins þetta: Barátta palestínuaraba fyrir kollvörpun sionismanns er liður í baráttu á heimsmælikvarða gegn fasisma og arðráni, heimsvaldastefnu og afturhaldi. Markmið okkar er að reisa lýðræðisríki í Palestínu, þar sem allir þegnar geta lifað saman án tillits til kynþáttar eða trúarbragða. Stefna PLO er eina vonin um frið í Palestínu. Við berjumst í dag svo að komandi kynslóðir megi búa við frið. Við munum berjast fram til sigurs.

Tökum þátt í að gerðum 21. maí

21. maí verður mótmælaganga og útifundur á vegum herstöðvaandstæðinga gegn bandarískum her á Íslandi og NATO. Gengið verður frá Straumsvík, í gegn um Hafnarfjörð og Kópavog til Reykjavíkur. Kl. 8^{45} um morguninn hefja hópferðabílar "smölun" þátttakenda á Reykjavíkursvæðinu, Akranesi, Hafnarfirði, Kópavogi, Selfossi og Suðurnesjum. Komið verður að Straumi laust fyrir kl. 10 og kl. 10^{25} verður haldið af stað að loknum stuttum fundi. Kl. 12^{40} er fundur á Thorsplani í Hafnarfirði, kl. 14^{15} er fundur í Kópavogi og kl. 16^{05} er fundur við Hestinn milli Suðurlandsbrautar og Miklubrautar. Göngunni líkur svo á Lækjartorgi. Þar hefst fundur kl. 18^{00}.

Framkvæmdanefnd Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista) hvetur félaga og stuðningsmenn samtakanna að taka þátt í aðgerðum og VERKALÝÐSBLAÐIÐ hvetur lesendur sína til að gera slíkt hið sama.

Ísland úr NATO - herinn burt!
Gegn allri rányrkju - enga samninga við EBE!
Gegn stríðsundirbúningi risaveldanna - Bandaríkjanna - Sovétríkjanna!

Mótmælastaða gegn EBE-samningum

Í dag, þegar baráttan gegn NATO og hernum rís æ hærra, og fleiri og fleiri vakna til vitundar um nauðsyn þess að Ísland standi utan allra hernaðarbandalaga heimsvaldasinna er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því, að íslensk alþýða á ekki bara í höggi við eitt risaveldi heldur tvö. Baráttan gegn bandarísku heimsvaldastefnunni og NATO er óaðskiljanleg frá baráttu gegn útþenslustefnu Sovétríkjanna.

Landhelgissamtökin hafa boðað til aðgerða gegn fiskveiðisamningunum við Efnahagsbandalagið, þegar samningsmenn EBE koma til Reykjavíkur. Aðgerðirnar verða í formi mótmælastöðu við ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu, 9. eða 10. júní. Verður það nánar auglýst síðar. Verkalýðsblaðið hvetur lesendur til að styðja aðgerðirnar.

Gegn allri rányrkju - enga samninga við EBE!

Þrátt fyrir friðarhjal og Helsinkisáttmála

Risaveldin undirbúa heimsvaldastríð

Sovétríkin eru heimsvaldaland

Sovétríkin, sem á dögum Leníns og Stalíns voru framvörður sósíalismans í heiminum, eru í dag heimsvaldaríki. Krúsjoff og síðan Brésneff-klíkan hefur gert að engu ávinninga sósíalismans en endurreist ríkisvald borgarastéttarinnar, og sett fasískt alræði í stað alræðis öreiganna. Í stað framsækinnar utanríkisstefnu hefur komið stórveldapólitík og útþenslustefna. Við skulum skoða nokkur dæmi um "sósíalisma" Sovétríkjanna:

Sovétríkin arðræna og kúga verkalýð A-Evrópuríkjanna. Undir yfirskini "sósíalískrar samvinnu" fara Sovétríkin ránshendi um auðlindir þessara landa, en selur þeim aftur fullunnar iðnaðarvörur og olíu á heimsmarkaðsverði.

Í krafti Varsjárbandalagsins ógna Sovétríkin sérhverri framsækinni hreyfingu í leppríkjum sínum, og ef ekki er farið að óskum þeirra skirrast þau ekki við að beita hervaldi. Innrásin í Tékkóslóvakíu sannar að fyrir Brésneff-klíkunni er sjálfsákvörðunarréttur þjóða einskisvirði ef arðránshagsmunum Sovét er ógnað.

Mannréttindi innan Sovétríkjanna eru fótumtroðin af Brésneff-klíkunni. Sósíalískt lýðræði hefur verið brotið niður, lýðræðisleg umræða bönnuð, verkfallsréttur tekinn af, en með "nýju efnahagsskipaninni" hefur valdið yfir verksmiðjunum verið fengið í hendur hinni nýju borgarastétt, forstjórum og embættismönnum sem mergsjúga verkalýðinn.

Útgjöld til hermála hafa verið stóraukin, svo að í dag ráða Sovétríkin stærsta herafla heimsins, búinn nýtísku vopnum. Lögð hefur verið áhersla á að herinn sé árásarher, og sannar hin stórkostlega flotauppbygging síðustu ára það betur en nokkuð annað. Herskip Sovétríkjanna eru nú um öll heimsins höf, "reiðubúin að uppfylla skyldu sína" eins og æðsti marskálkur Sovétríkjanna orðaði það.

Sovétríkin sælast til áhrifa á N-Atlanshafi

N-Atlanshaf hefur öðlast mjög mikla þýðingu fyrir Sovétríkin. Um það verða herskip og kafbátar sem koma frá herskipastöðinni á Kólaskaga að fara. Enda hafa Sovétríkin haft mikið á lofti að þau svífist einskis ef lönd við N-Atlanshaf reyna að "hefta athafnafrelsi" þeirra. Gott dæmi um þetta er afstaða Sovétríkjanna til 200 mílna landhelgi strandríkja.

Þau hafa lagst algerlega gegn því að strandríki færi út landhelgi sína, og krefjast frelsis til að vera með herskip sín alveg upp að ströndum þeirra. Sovétríkin hafa reynt að ná yfirráðum yfir Svalbarða til að geta komið þar upp herskipahöfn, og þau hafa reynt að ógna stjórn Noregs til að láta landið af hendi. Til að sýna mátt sinn hafa Sovétríkin haft umfangsmiklar heræfingar á Barentshafi og N-Atlanshafi, og herafli þeirra hefur æft innrás af sjó aðeins kílómetra frá landamærum Noregs. Fiskiskip sovétmanna, sem iðka rányrkju um öll heimsins höf, eru sett undir flotamálaráðuneytið, og mega því skoðast sem hluti flotans. Uppvíst hefur orðið um njósnir sovétmanna víða á Norðurlöndum, og á Íslandi hafa ýmsir vafasamir tækjafundir leitt til þeirra getgátna að Sovétríkin stundi hér umfangsmiklar njósnir.

En Sovétríkin eiga sér bandamann...

En allar tilraunir til að taka upp virka baráttu gegn útþenslustefnu Sovétríkjanna innan and-heimsvaldahreyfingarinnar á Íslandi hafa hingað til strandað á Alþýðubandalaginu. Alþýðubandalagið og málgagn þess

Framhald á síðu 6

„Fjöldabaráttan er okkar leið"

sagði Sumarliði Ísleifsson á Glæsibæjarfundinum

Á BARÁTTUFUNDI SAMFYLKINGAR 1. MAÍ 1977 Í GLÆSIBÆ FLUTTI SUMARLIÐI ÍSLEIFSSON STUTT ÁVARP OG FJALLAÐI ÞAR FYRST UM TILURÐ SAMFYLKINGARINNAR. SAGÐI HANN AÐ BARÁTTUSINNUM Í VERKALÝÐSHREYFINGUNNI HEFÐI ÞÓTT ÆRIN ÁSTÆÐA TIL AÐ TEFLA FRAM VALKOSTI 1. MAÍ SEM TÆKI SKÝRA AFSTÖÐU GEGN STÉTTASAMVINNU OG AFTURHALDI Í VERKALÝÐSHREYFINGUNNI. Í LOK RÆÐU SINNAR SAGÐI SUMARLIÐI:

Sumarliði Ísleifsson

Mynd: Verkalýðsblaðið

"Með hliðsjón af yfirburðastöðu stéttasamvinnuforystunnar í verkalýðshreyfingunni, er útlitið heldur svart fyrir næstu kjarasamninga. Það er ljóst, að það mun því aðeins nást einhver árangur til hagsbóta fyrir verkalýð, að rekin sé hörð og ósættanleg barátta gegn stéttasamvinnuforystunni og undanslætti hennar, svo hörð að hún þori ekki annað en að taka tillit til hennar af ótta við að missa andlitið gagnvart óbreyttum félagsmönnum hreyfingarinnar. Þessari baráttu verðum við að halda uppi innan stéttarfélaganna minnug þess, að þó að gengi baráttustefnunnar sé enn tiltölulega lítið, þá sigrar rétt stefna alltaf að lokum.

Eitt atriði enn vil ég taka fyrir. Það er nauðsyn forystuafls í baráttunni, þ.e. raunverulegs verkalýðsflokks sem starfi í einu og öllu með hagsmuni alþýðunnar að leiðarljósi. Alþýðubandalagið gerir enn kröfu til að heita þetta forystuafl og sem betur fer, þykir mörgum það orðin ærið hæpin krafa. Ég nefni hér fáein dæmi um stefnu og starf Alþýðubandalagsins:

AB reynir að loka alla fjöldabaráttu inni á þingi, reynir að veita henni í þann farveg að hún auki kjörfylgi flokksins. Það er á móti allri faglegri baráttu ef hún lýtur ekki boðum og bönnum ASÍ-forystunnar. Dæmi um það er mjólkurbúðamálið. AB segir að forsenda kjarabóta sé bætt staða "atvinnuveganna" og "þjóðarbúsins". Það hefur stutt innlent auðvald gegn erlendu í landhelgismálinu.

Svona mætti lengi telja. Í öllum þessum málum myndi raunverulegur verkalýðsflokkur leggja upp leið fjöldabaráttu og berjast ósættanlegri baráttu gegn atvinnurekendum og ríkisvaldi þeirra."

Samfylking 1. maí

1. maí efndi Samfylking 1. maí 1977 til baráttufundar í Glæsibæ í Reykjavík. Samfylkingin er, eins og VERKALÝÐSBLAÐIÐ hefur greint frá, samtök baráttusinna í verkalýðshreyfingunni sem vilja hefja skipulagt andóf gegn ASÍ-forystunni og fylgifiskum hennar og hefja á loft merki baráttunnar fyrir endurreisn verkalýðsfélaganna sem raunverulegra baráttutækja verkalýðsins. Reynsla undanfarinna ára og sér í lagi síðasta árs hefur sýnt stéttarbaráttusinnum, að svokölluð "baráttustefna" "KFÍ/ML" og Fylkingarinnar getur ekki gefið tilefni til annars en falskra vona og einangrunar frá verkalýðsfjöldanum. Eina leið baráttusinna var og getur ekki verið önnur en sú, að heyja baráttuna frá grunni, og byggja upp andstöðuna smátt og smátt. Glæsibæjarfundurinn tókst bærilega.

1. maí á norðurlöndum

Noregur

5o íslendingar í Osló tóku þátt í Faglegri 1. maí samfylkingu undir kröfunum:

1. Til baráttu gegn allri norskri heimsvaldastefnu - Burt með Elkem-Spigerverket og Norsk Hydro af Íslandi.

2. Til baráttu gegn allri heimsvaldastefnu, gegn NATO-herstöðinni á Íslandi, gegn rányrkjunni á N-Atlanshafi - verjum íslenskan sjálfsákvörðunarrétt.

3. Sjálfsákvörðunarrétt yfir 200 mílunum - enga samninga við Efnahagsbandalagið.

4. Lifi alþjóðahyggja öreiganna - gegn auðmagni Efnahagsbandalagsins - gegn alþjóðlegu auðmagni á Íslandi.

5. Ísland úr NATO - herinn burt.

Auk þátttöku sinnar í göngunni gekkst 1. maí nefnd íslendinga fyrir skemmti- og menningarsíðdegi, baráttufundi laugardaginn 23. apríl til að barnafólk gæti einnig tekið þátt í 1. maí undirbúningsstarfinu.

Ennfremur gekkst 1. maí nefnd íslendinga í Osló fyrir sameiginlegum 1. maí morgunverði með skemmtan, ræðuhöldum og söng.

Í Bergen tóku 13 íslendingar þátt í Faglegri 1. maí göngu.

23.000 samanlagt í Faglegri 1. maí samfylkingu

Faglegu samfylkingargöngur-

35 í Samfylkingargöngu á Akureyri

Samfylking 1. maí 1977 efndi til kröfugöngu og innifundar á Akureyri. Í göngunni tóku þátt 35 fullorðnir og nokkru fleiri sóttu fundinn. Á fundinum töluðu Lilja Kristjánsdóttir, Stefanía Þorgrímsdóttir og Jón Ísleifsson. Auk þess var menningarefni á boðstólum. Greinilegt er, miðað við aðgerðir baráttusinna á Akureyri 1. maí síðustu árin, að margt róttækt verkafólk hefur kosið að sitja heima í ár. 1. maí 1975 tóku hátt á annað hundrað manna þátt í baráttuaðgerðum. Margir þeirra tóku þátt í aðgerðum Samfylkingarinnar í ár, en aðrir virðast hafa setið heima. Að minnsta kosti bendir fjöldi þeirra sem tóku þátt í kröfugöngu Alþýðubandalagsins til þessa.

AB á Akureyri efndi til kröfugöngu 1. maí í nafni "Samstarfsnefndarinnar til stuðnings verkalýðshreyfingunni". 45 fullorðnir tóku þátt í henni og var stormað rakleitt á útifund verkalýðsfélaganna. Þar talaði Jón Einingarformaður Helgason og 2 Alþýðubandalagsmenn. Annar þeirra, Helgi Guðmundsson, óánægður trésmiður, ýjaði ekki einu sinni að stéttasamvinnustefnu ASÍ-forystunnar í sinni ræðu, en hann hefur sýnt ýmsa tilburði í þá átt áður.

Alþýðubandalagið tók ákvörðun um kröfugöngu sína í lok apríl og 28. apríl gerði það Samfylkingunni tilboð um samstarf - með því skilyrði að ekkert kjörorð þeindist gegn stéttasamvinnu ASÍ-forystunnar! Þessu var vitanlega hafnað, en ekki vannst tími til að taka fyrir þessar stuðningsaðgerðir AB á Akureyri við stéttasamvinnuna í flugritum Samfylkingarinnar.

Staðan á Akureyri er sú, að róttækt verkafólk verður nú að meta stöðuna og vinna að raunverulegri sameiningu verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar undir kjörorðum Samfylkingar 1. maí 1977. "Róttækir" Alþýðubandalagsmenn hafa nú dregið niður það falska og rauða flagg sem þeir hafa siglt undir og hafa ásamt akureyrskum trotskistum hjúfrað sig undir væng stéttasamvinnustefnunnar í Einingu.

LILJA KRISTJÁNSDOTTIR, SEM LESENDUR VERKALÝÐSBLAÐSINS ÞEKKJA AF BARÁTTU MJÓLKURBÚÐAKVENNA Í REYKJAVÍK Á SÍÐASTA ÁRI, FLUTTI RÆÐU Á FUNDI SAMFYLKINGAR 1. MAÍ 1977 Á AKUREYRI. VERKALÝÐSBLAÐIÐ BIRTIR HÉR NIÐURLAG RÆÐU LILJU, EN FYRST Í RÆÐUNNI RAKTI HÚN SÖGU MJÓLKURBÚÐABARÁTTUNNAR Í STUTTU MÁLI:

Lilja Kristjansdóttir í ræðu 1. maí:

„Brýnasta verkefnið að byggja verkalýðsflokk'

"Í fyrsta lagi komumst við að því að atvinnurekendum stendur hjartanlega á sama hvað verður um verkafólkið, þegar þeir gera svokallaðar "hagræðingarráðstafanir", eða standa fyrir öðrum aðgerðum til að auka gróða sinn. Þá skiptir engu máli þótt fjöldi kvenna missi atvinnu sína og ásunnin réttindi sín.

En öllu alvarlegra er þó að atvinnurekendur eiga sína fulltrúa í verkalýðshreyfingunni. Það kom vel í ljós í þessari baráttu. Annars vegar voru þessir fulltrúar innan félags okkar, ASB, og stóðu þar fyrir úrtölum, beinni andstöðu við baráttu okkar og samvinnu við atvinnurekendur.

En þessi andstaða gegn baráttu okkar var samt miklu meiri á æðri stöðum innan verkalýðshreyfingarinnar. Afstaða ASÍ-forystunnar til baráttunnar kom vel í ljós í þessu máli.

Frammistaða hennar var mjög svipuð og í t.a.m. Akranesverkfallinu. Forystan gerði ekkert okkur til stuðnings, nema hún væri knúin til þess. Um þetta gildir reyndar það sama og um önnur mál, að hún styður ekki verkafólk í baráttu, nema hún sé beinlínis nauðbeygð til þess og þá fyrst og fremst til að halda andlitinu.

Lilja Kristjánsdóttir

Mynd: Verkalýðsblaðið

ÞJÓÐVILJINN OG ALÞÝÐUBANDALAGIÐ GEGN FJÖLDABARÁTTUNNI!

Hlutur Alþýðubandalagsins í þessu máli er athyglisverður. Allt í gegn barðist Þjóðviljinn gegn okkur og studdi með ráðum og dáð undanslátturstefnu stjórnar ASB. Þjóðviljinn sagði um kröfugöngu til stuðnings baráttu okkar: "of seint"! Sem sagt, að mati þeirra þóðir ekki að berjast! En afstaða Þjóðviljans, Alþýðubandalagsins og allra svokallaðra "verkalýðsflokka" þarf ekki að koma á óvart. Það er beinlínis orðin stefna þeirra að reyna að loka alla baráttu inni í stofnunum, svo sem í æðstu stjórn verkalýðssamtakanna eða inni á Alþingi. Þar daga málin uppi og verkafólk situr eftir með sárt enni.

Þeir eru á móti allri fjöldabaráttu. Þeir reyna að beina styrk fjöldasamtakanna til stuðnings við sig og auka þingmannatölu sína og koma þar með fleiri Alþýðubandalagsmönnum að bitlingajötu ríkisvaldsins. Alþýðubandalagsforystan stendur m.a. fyrir því að verkalýðshreyfingin heldur á lofti kröfunni: "Ríkisstjórnin víki" eins og það sé einhver valkostur að fá nýja "vinstri" stjórn. Verkafólk man enn síðustu "vinstri" stjórn.

Við höfum komist að því að ASÍ-forystan er andstæðingur í verkalýðsbaráttunni. Verkafólk getur ekki búist við nokkrum stuðningi frá henni. Það er þess vegna nauðsynlegt að heyja baráttu gegn svikulum verkalýðsforingjum til að verkafólk geti farið að vænta einhvers umtalsverðs árangurs í baráttu sinni.

Alþýðubandalagið kemur fram sem dragbítur á alla fjöldabaráttu og afstaða fjandsamleg verkalýð einkennir stefnu hennar til flestra mála. Það er mörgum orðið ljóst, að Alþýðubandalagið er ekkert forystuafl. Eitt brýnasta verkefnið í dag er einmitt að byggja verkalýðsflokk, sem væri forystuafl í baráttunni og sem hefði engra annarra hagsmuna að gæta en hagsmuna alþýðunnar. Og við verðum að vona að við verðum svo heppin að eignast fórnfúsa og duglega verkalýðsforystu í öllum félögum.

Kæru félagar, ég óska ykkur öllum til hamingju með þennan dag og þakka ykkur fyrir áheyrnina. Takk fyrir."

Lærdómar af 1. maí:

"Björn Jónsson, forseti ASÍ, mun flytja mikilvæga orðsendingu á útifundinum á Lækjartorgi í dag", hljómaði hvíldarlítið í auglýsingum útvarpsins í hádeginu 1. maí. Öll brögð voru notuð til að draga fólk í heilsubótargöngu og á útifund Alþýðusambandsins "á þessum hátíðisdegi verkalýðsins", eins og ræðumenn tönnluðust stöðugt á.

Til að gera heilsubótarröltið niður Laugaveginn líkara "alvöru-kröfugöngu verkalýðsins 1. maí" rétt eins og tíðkaðist þegar Björn, Jón Snorri og Eðvarð Sig. voru upp á sitt besta, voru dregin fram nokkur rauð flögg og einhverjir laumuðust til að krota kröfur um "alþýðuvöld" og "atvinnulýðræði" á spjöld til að halda á. Til að hafa eitthvað fyrir alla, var svo "Rauð verkalýðseining" hengd aftan í ASÍ-gönguna, en það er útibú frá Fylkingunni, enda

Baráttu-

Baráttueining '77, ganga og fundur "KFÍ/ML" 1. maí sýndi ljóslega vaxandi einangrun "

Hann sýndi marx-leninistum og stéttarbaráttusinnum í verkalýðshreyfingunni, að þeir standa öruggum fótum meðal alþýðunnar, þótt í smáum mæli sé. Fundarsóknin, 130-150 manns, ber glöggt vitni um að Samfylking 1. maí var rétt skref fram á við.

En marx-leninismminn hefur þó engan veginn unnið sigur. Hann á enn í vök að verjast. Þótt "Baráttueining" "KFI/ML" hafi beðið afhroð og standi nú í sömu sporum og fyrir þremur árum, er ljóst að falsmarxismi þeirra kumpána er enn hættulegur óvinur. En það sem þó dregur mest úr jákvæðum árangri Glæsibæjarfundarins 1. maí, er tvímælalaust sókn ASÍ-forystunnar, sem nú beitir fyrir sig "óánægðum verkalýðsforingjum" og trotskistum úr Fylkingunni!

Því ríður nú á að árangur SAMFYLKINGARINNAR sé varðveittur og aukið við hann á næstu vikum og mánuðum. SAMFYLKINGUNNI ER EKKI LOKIÐ. Hún verður mikilvægari með hverjum degi sem líður og með hverjum millimetra sem stéttasamvinna ASÍ-forystunnar sækir fram.

Fram til baráttu - BYGGJUM SAMFYLKINGU VERKALÝÐS Á GRUNNI STÉTTABARÁTTUNNAR!

nar á grundvelli stéttabaráttu, studdar af AKPm-l, bróðurflokki EIK(m-l), voru á fleiri stöðum en nokkru sinni áður

Í Faglegri 1. maí samfylkingu í Osló gengu 8500 manns og samanlagt 15 verkalýðsfélög, m.a. hafnarverkamenn, símvirkjar, lyftusmiðir, flutningaverkamenn við Linjegods og félag kvikmynda- og leikhússfólks.

Aðalræðumaður Faglegrar 1. maí samfylkingar, Sigurd Allern, fyrrverandi form. AKPm-l, bróðurflokks EIK(m-l), sagði m.a.:

"Félagar til baráttu: Gegn auðvaldinu - gegn heimsvaldastefnunni. Félagar til baráttu fyrir sósíalismanum. Í ár hefur Fagleg 1. maí samfylking enn á ný sópað stéttasamvinnufólkinu til hliðar. Við viljum gera stéttarfélögin að baráttutækjum. Við styðjum verkafólk í verkföllum og berjumst gegn uppsögnum. Þessvegna bjóðum við hafnarverkamenn og önnur baráttusamtök sem taka þátt sérstaklega velkomin".

Svíþjóð

Í Stokkhólmi tóku 5000 þátt í stéttabaráttugöngunni, sem SKP, bróðurflokkur EIK(m-l) styður. Um gönguna segir GNISTAN, málgagn SKP: "5000 þátttakendur er ennþá einn sigur eftir allar árásirnar á Faglegu samfylkingargönguna frá sósíaldemókrötum, endurskoðunarsinnum og borgarapressunni. Umfram allt var þetta sigur fyrir stéttabaráttulínuna, því að í þessari göngu tóku þátt þúsundir af verkafólki og fólki í opinberri þjónustu vegna krafna sinna en ekki til að slægjast eftir vellaunuðum stöðum í verkalýðsforustunni eða hjá flokkunum."

Faglegar samfylkingargöngur voru um alla Svíþjóð.

Danmörk

Í Danmörku tóku 1400 þátt í "Rauðum 1. maí" göngu Kommúníska verkamannaflokksins bróðurflokks EIK(m-l). Þetta var eina gangan sem bar fram kröfur gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, gegn NATO og gegn Varsjárbandalaginu.

„Óánægðir verkalýðsforingjar" og Fylkingin enginn valkostur

mátti sjá bæði borða og flögg vendilega merkta henni og "4. alþjóðasambandinu", sem eru alþjóðasamtök trotskista. Fylkingin hafði lengi barist fyrir því að fá að labba með ASÍ í sameiginlegri göngu 1. maí og var Jón Snorri Þorleifsson aðaltalsmaður trotskistanna innan fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna. Jón Snorri fékk það að lokum í gegn að Fylkingin fengi að vera með, enda flaggaði hún sömu kröfum í göngunni og ASÍ, til dæmis kröfunni um "nýja vinstri stjórn á Íslandi"! Þá strandaði samstarfið síður en svo á afstöðu til alþjóðamála. Til dæmis gengur Fylkingin jafnvel lengra en Alþýðubandalagið við að verja Sovétríkin og fasisma þeirra og heimsvaldastefnu. "Sovétríkin eru vanskapað verkalýðsríki", segir Fylkingin og segir þau svífa á einhverju óþekktu tilverusviði á milli auðvaldsskipulags og sósíalisma!

Hvaða lærdóma má draga af aðgerðum ASÍ 1. maí?

Marga mikilvæga lærdóma má draga af aðgerðum ASÍ 1. maí.

1. Fylkingin afhjúpaði stuðning sinn við stéttasamvinnustefnuna og afturhaldið í verkalýðshreyfingunni betur en áður og þarf framsækið fólk ekki lengur að fara í grafgötur um raunverulegt innihald pólitíkur hennar.

2. "Óánægðir" verkalýðsforingjar skáru sig á engan hátt frá þeim sælu og ánægðu. Ræða Kolbeins Friðbjarnarsonar, formanns Vöku á Siglufirði, bar þess glöggt vitni. Þar var ætt á fólk að efla "vinstri öflin í verkalýðshreyfingunni" (þ.e. að kjósa Alþýðubandalagið og fá svo kannski nýja vinstri stjórn í kaupbæti). "Kjarabæturnar verða taldar upp úr kjörkössunum" var kosningaslagorð AB hér um árið og innihaldið í málflutningi Kolbeins var mjög á þá lund.

einingin

"flokksins". Aðeins um 150 fullorðnir tóku þátt í aðgerðum, sem er rúmlega helmingi færra en í fyrra. Fyrir félaga "KFI/ML" voru þetta sár vonbrigði, því þeir höfðu lagt gífurlega vinnu í að auglýsa upp aðgerðirnar: Bærinn var bókstaflega þakinn með veggblöðum í mörgum umferðum, og flokkurinn" setti auglýsingamet í útvarpinu dagana fyrir og 1. maí. Þetta ætti að kenna "flokknum" að eina leiðin til að vinna fólk fyrir pólitíkina er rétt fjöldalína, en ekki að auglýsa hana eins og hún væri hjólbarðar til sölu. En samkvæmt Stéttabaráttunni þráast "flokkurinn" við að draga þennan lærdóm af aðgerðunum, en heldur því til streitu að 1. maí hafi verið "mikill sigur fyrir rétta línu".

Sumir sem gengu með Baráttueiningu hafa komið að máli við VERKALÝÐSBLAÐIÐ og lýst sárum vonbrigðum sínum yfir því að "flokkurinn" hafi blekkt þá. Eiga þeir þar við að "flokkurinn" notar nafn og merki þeirrar samfylkingar sem EIK (m-l) var aðilji að í fyrra, og að þeir gengu með Baráttueiningu í þeirri trú að hér væri um sömu aðila að ræða. VERKALÝÐSBLAÐIÐ lýsir því yfir að "flokkurinn" notaði nafn og merki samfylkingarinnar algerlega án heimildar frá EIK(m-l), og fordæmir þessa tilraun "flokksins" til að fela einangrunarsinnaða afstöðu sína á bak við nafn samfylkingarinnar.

Hvað vill Hagkaup fela?

Í síðasta tbl. VERKALÝÐSBLAÐSINS var viðtal við starfsstúlku í saumastofu Hagkaups, þar sem hún lýsti kaupi og kjörum og aðbúnaði í Saumastofunni. Eitthvað virðist þessi grein hafa komið við kaunin á forráðamönnum Hagkaups, því reynt var að hafa upp á þeirri konu sem VERKALÝÐSBLAÐIÐ tók viðtal við.

Gengið var á starfsstúlkurnar eina af annarri og spurt hvort þær væru ábyrgð á þessu. Það var talað um það að hafa samband við blaðið til að fá þar upp nafn viðmælenda þess.

Við spyrjum forráðamenn Hagkaups: Hvað var það í greininni sem kom svona illa við kaunin á þeim, og hvers vegna voru þeir að reyna að leita uppi þá starfsstúlku sem viðtalið var við? Það var ekki farið með rangt mál í greininni, svo að forráðamenn Hagkaups hafa sýnt að þeim er illa við að fréttist um þau smánarkjör og vinnuálag sem starfsstúlkurnar búa við. Tilgangurinn með því að reyna að finna viðmælanda okkar hefur varla verið annar en að reka hann, eða hvað? VERKALÝÐSBLAÐIÐ mun ekki gefa upp nafn starfsstúlkunnar, en vill nota tækifærið og hvetja verkafólk til að hafa samband við blaðið því blaðið stendur í þjónustu þess, og reynslan hefur sýnt að með því að fletta ofan af lélegum aðbúnaði og kjörum á vinnustað má þrýsta á um úrbætur, því ekkert óttast atvinnurekendur meira en að kúgun þeirra á verkalýðnum verði gerð opinber.

Verkafólk: VERKALÝÐSBLAÐIÐ er vopn ykkar í sókn og vörn í stéttabaráttunni.

Yfirmenn á Kirkjusandi
Hóta Verkalýðsblaðinu málssókn

Í síðasta Verkalýðsblaði birtist frásögn verkakonu starfandi í frystihúsi Sambandsins á Kirkjusandi.

Greinin vakti mikla athygli ekki síst meðal starfsfólks frystihússins og voru menn ekki á eitt sáttir um réttmæti þess að verkafólk skýrði frá vinnuskilyrðum sínum og lífskjörum á þennan hátt. Verkafólkið mun hafa fagnað greininni heilshugar.

Svo gerðist það þriðjudaginn 11. maí s.l. að Þórunn Valdimarsdóttir formaður verkakvennafélagsins Framsóknar kom inn á Kirkjusand til að ganga frá kosningu trúnaðarkvenna. Tilnefndi hún tvær konur. Fimmtudaginn 12. maí kom hún aftur í lo kaffinu og lýsti eftir mótframboðum. Enginn gaf sig fram . Sagðist hún þá líta á þær tvær sem hún hafði tilnefnt sem réttkjörnar. Munu þessar starfsaðferðir mikið tíðkaðar.

Verkalýðsblaðið telur það skref fram á við til úrbóta á vinnuskilyrðum á Kirkjusandi að trúnaðarkonur hafi verið tilnefndar, þótt eðlilegra hefði verið að konurnar sjálfar veldu sér sína málsvara. Verkalýðsblaðið hvetur starfsfólk á Kirkjusandi til að láta hér ekki staðar numið, en standa ávallt saman sé gengið á rétt þess. Hver sigur verkafólks á stéttsvikurum í verkalýðsforystunni eða atvinnurekendum er áfangi í baráttunni fyrir sósíalísku þjóðfélagi.

Verkstjóri á Kirkjusandi hótar Verkalýðsblaðinu málssókn

Fréttamaður Vbl. hafði samband við formann EIK(m-l) Ara Trausta Guðmundsson vegna upphringinga til hans frá Kirkjusandi:

Ari: Reyndar hringdi til mín verkstjóri á Kirkjusandi og vildi fá að vita nafn konunnar sem blaðið átti viðtal við. Ekki fékk hann það uppgefið. Sagðist hann þá vilja reyna með friði því þegar Gísli Jón Hermannsson kæmi utan af landi yrði farið í hart, - málssókn, sagði hann. Aðallega var það umsögn verkakonunnar um yfirborgun skoðunarkonunnar og um frásagnir þeirrar konu af vinnubrögðum verkakvenna sem voru tilefni hótunarinnar, að sögn verkstjórans. Allt annað átti að vera rétt og satt. En verkstjórinn fór bónleiður búðar og sama munu forstjórar gera ef meira verður úr en orðið er.

Ég átti nokkurn orðastað við skoðunarkonuna sjálfa og var hún afar óánægð með viðtalið og studdi fyllilega málshótunina.

Sannast að segja er allt þetta veður ekki gert út af umsögn blaðsins um einn starfsmann, heldur vegna lýsingar á vinnuskilyrðum, skorti á trúnaðarfólki ofl. Yfirmenn Sambandsfyrirtækisins eru logandi hræddir við að fólk þori að hreyfa sig, grípi til baráttu fyrir hag sínum og gangi á auð fyrirtækisins - sagði formaður EIK(m-l) að lokum.

Ríkisútvarpið gengur erinda heimsvaldsinna

ÞAÐ ER ALKUNNA AÐ EITT AF VOPNUM HEIMSVALDASINNA Í BARÁTTU ÞEIRRA GEGN FRELSISBARÁTTU KÚGAÐRA ÞJÓÐA ER LYGIN. FERSK DÆMI ERU FRÉTTAFLUTNINGURINN FRÁ VÍETNAMSTRÍÐINU; SAMKVÆMT FRÉTTUM BANDARÍSKRA FRÉTTASTOFA ÞÁ VAR ÖLL ÞJÓÐFRELSISFYLKINGIN FALLIN A.M.K. ÞRISVAR - EN HÚN SIGRAÐI SAMT!



Myndin sýnir skriðdreka í herstyrk þjóðfrelsisaflanna í Kambodiu. Heimsvaldasinnar og sósialheimsvaldasinnar, sem studdu Lon Nol klíkuna gegn þjóðfrelsisöflunum dreifa nú níði um byltingarstjórnina.

Mynd: Klassekampen

Í dag er það Kambódía sem er í sviðsljósinu hjá fréttastofunum - það skal sannað í eitt skipti fyrir öll að ef þjóðir rísa upp gegn kúgurum sínum, þá leiði það til hryllilegs ófarnaðar.

Nýlega flutti t. d. Gunnar Eyþórsson fréttamaður ríkisútvarpsins "fréttaauka" um Kambódíu, þar sem ægði saman öllum helstu "upplýsingum" sem flakka um heimsbyggðina sem hinn eini sannleikur um "hina hryllilegu atburði í Kambódíu".

En hver er heimild Gunnars? Jú, franski presturinn Fransois Ponchaud. Hver er hann? Jú, hann er trúboði sem dvalist hefur mörg ár í Indókína, hann var heitur aðdáandi hinnar fasísku Lon-Nol klíku meðan hún var við völd, einnig var hann þekktur sem mikill and-kommúnisti. Að leiða hann fram sem vitni, jafngildir því að láta gamlan nasista "upplýsa" heiminn um Hitlers-Þýskaland.

Kenningarnar um fjöldamorð og áætlanir "rauðu Khmeranna" um útrýmingu nokkurra milljóna af íbúum Kambódíu eru rauði þráðurinn í herferðinni gegn landinu eftir að frelsissveitirnar ráku heimsvaldasinnana burtu. En allar sögusagnir um fjöldamorð hafa verið afhjúpaðar sem lygar, m.a. af vestrænum fréttamönnum. "Sönnunargögnin" um fjöldaaftökurnar hafa reynst fölsk og sögusagnirnar komnar frá hatursmönnum alþýðunnar sem hafa orðið að flýja landið - sem eru algeng örlög fyrri kúgara og arðræningja.

Ævintýralegar frásagnir Gunnars Eyþórssonar o.fl. eru talandi dæmi um þjónkun við málstað heimsvaldasinnanna sem kúguðu Kambódíu - það er vandlega þagað yfir þeim hryðjuverkum sem þeir frömdu í landinu, en takmarkalausar lygar látnar ganga um núverandi ástand í landinu. Ef einhverjir "vinstri" sinnar missa málið og fyllast harmi yfir "fréttum frá Kambódíu", þá eru það helst menn eins og Árni Bergmann á Þjóðviljanum (hann lýsti því yfir að atburðirnir í Kambódíu settu jafnvel "vinstri" menn hljóða!). Engan skal undra þetta, menn eins og Árni, sem eru dyggir stuðningsmenn sovésku sósíalheimsvaldasinnanna, fyllast auðvitað viðbjóði yfir öllum "hryllingnum" í Kambódíu. Sovétríkin studdu enda fasíska klíku Lon-Nol á sínum tíma og urðu undir í baráttu við þjóðfrelsisöflin.

Risaveldin

frh. af bls. 3

Þjóðviljinn vilja helst ekkert tala um arðrán Sovétríkjanna á A-Evrópuríkjunum, þar er aldrei talað um innrásina í Tékkóslóvakíu, hernaðaruppbyggingin er talin "eðlilegt svar við hernaðaruppbyggingu Bandaríkjanna", og allt tal um njósnir sovétmanna á Íslandi er kallað rússagrýla. Samtök herstöðvaandstæðinga bera þessa greinileg merki: Þau leggja einungis áherslu á baráttu gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og umræður um Sovétríkin koma einungis fram á fundum samtakanna til að gera grín að rússagrýlu moggans. Samkvæmt greiningu Alþýðubandalagsins er ekki þörf fyrir herstöðina á Miðnesheiði, því það er svo friðvænlegt í heiminum.

Risaveldin undirbúa stríð

Allt friðarhjal heimsvaldasinna, Helsinkiráðstefnur og tal um samvinnu er aðeins til að slá ryki í augu fólks. Staðreyndin er sú að í dag vígbúast risaveldin af kappi og reyna allt sem þau geta til að ná áhrifum og ítökum sem víðast. Allsstaðar má sjá merki baráttu þeirra: Í Afríku reyna þau að afvegaleiða frelsisbaráttu kúgaðra þjóða og virkja hana fyrir útþenslumarkmið sín; Í miðausturlöndum makka þau sín á milli um lausn sem þau geti sætt sig við án tillits til vilja alþýðu arabalandanna; flotar þeirra eru um öll heimsins höf, og vaka eins og gammar yfir bráð, yfir öllum mikilvægustu siglingarleiðum; heraflar þeirra eru í stöðugum heræfingum til að vera reiðubúnir þegar til stríðs dregur. Lenín sagði að á tímabili heimsvaldastefnunnar gæti ekki orðið um frið að ræða því heimsvaldastefnan gæti í sífellu af sér stríð. Allt friðarhjal Brésneffs á sama tíma og útgjöld til hermála hafa aldrei verið meiri, og "þíðubros" Karters framan í hvern sem hafa vill á sama tíma og lögð er áhersla á eflingu heraflans er lýðskrum af sama tagi og "friðaryfirlýsingar" Hitlers fyrir seinni heimsstyrjöldina.

Valkostir and-heimsvaldasinna

Til að Samtök herstöðvaandstæðinga geti staðið undir nafni og unnið framsækið starf verða þau að skoða vígbúnað risaveldanna beggja sem ógnun við sjálfstæði Íslands, og berjast gegn árásar- og útþenslustefnu beggja risaveldanna. Reynsla undangenginna áratuga hefur sýnt, að heimsvaldaríkin vígbúast ætíð í kjölfar djúpstæðra efnahagskreppa, og að þau hafa ætíð hafið stríð til að skipta heiminum upp á nýtt. Við höfum haft tvær heimsstyrjaldir á þessari öld, auk fjölda annarra árásarstyrjalda heimsvaldastefnunnar til að færa okkur heim sannindi um réttmæti þess að heimsvaldastefnunni fylgir ætíð stríð. Hvað hefur breyst? Ekkert annað en það að fram á vígvöllinn hefur komið nýtt risaveldi, sem vígbýst af kappi og bælir alla andstöðu innanlands niður í blóði , nýtt risaveldi sem á í samkeppni við Bandaríkin um heimsyfirráð, og sem vissulega mun verða uppspretta nýrrar styrjaldar ef framsækin barátta tekur ekki í taumana. Því verður öll barátta fyrir friði og gegn heimsvaldastefnunni að beinast gegn báðum risaveldunum.

Yfirvinnubannið

Framhald af forsíðu

Nú bregður svo við að þetta er ekki gert. Samningsumboðið er allt í einu komið í hendur svokallaðrar "aðalsamninganefndar verkalýðsfélaganna", án þess að það hafi verið borið undir atkvæði í stéttarfélögunum, hvort sú samninganefnd skyldi yfirleitt fá umboðið!

HVERJAR ERU ORSAKIRNAR?

Orsakirnar fyrir þessum starfsaðferðum ASÍ-forystunnar eru líklega þessar:

1. Almenn og hörð gagnrýni kom fram á frammistöðu samninganefndar ASÍ á síðasta ári. Ætlunin nú er að veita ekki "óbreyttum liðsmönnum" verkalýðshreyfingarinnar tækifæri til að láta í ljósi álit sitt á undanslætti og þýlyndi ASÍ-forystunnar við atvinnurekendur og ríkisvald þeirra.

2. Topparnir í ASÍ treysta á að verkafólk þekki ekki rétt sinn og samtaka sinna. Þeir ætla að gera það að hefð, að samningsvaldið gangi óskorað til þeirra, án umræðna í viðkomandi félagi.

3. Stefna forystunnar er að samningsvaldið verði lögbundið í höndum hennar, líkt og nú gerist með BSRB-forystuna. ASÍ forystan hefur enda lýst því yfir að hún telji rétt að vald heildarsamtakanna verði aukið, en það frumvarp sem liggur fyrir um nýja vinnulöggjöf gerir einmitt ráð fyrir slíku. Auk þess hefur hún lýst sig reiðubúna til að ræða breytingar á núgildandi vinnulöggjöf.

"SAMNINGANEFND VERKALÝÐSFÉLAGANNA"

Þó að aðalsamninganefndin núna heiti "samninganefnd verkalýðsfélaganna", en ekki samninganefnd Alþýðusambandsins, þá er ekki um að ræða neina formbreytingu á samningsnefndinni. Aðeins nafnið er annað. Í henni sitja nákvæmlega sömu "aðalsmennirnir" úr Alþýðusambandinu og undanfarin ár. Það er brot á öllum lýðræðislegum hefðum verkalýðshreyfingarinnar og reyndar lögum líka, að samningsumboðið hefur ekkið verið borið undir atkvæði í stéttarfélögunum. Þá telur þessi "aðalsamninganefnd" sig geta tekið einhliða ákvarðanir um yfirvinnubann fyrir flest aðildarfélög Alþýðusambandsins, án þess að hafa um það samráð við félögin og meðlimi þeirra. Þessi ákvörðun er sama eðlis og ákvörðunin um samningsumboðið, alger hunsun á sjálfsögðum rétti hinna einstöku stéttarfélaga til að ákvarða slíkt.

AFSTAÐA EIK(M-L)

Afstaða EIK(m-l) til þessara mála er ákveðin og skýr:

Við krefjumst þess að réttindi stéttarfélaganna og félaga í þeim séu virt og berjumst ósáttanlegri baráttu gegn valdníðslu forystu Alþýðusambandsins. Um leið viljum við benda á, að frá því að stóru samflotin urðu regla í samningsgerðum, hefur árangur í kjarasamningum orðið sífellt lélegri og lélegri. Verri lífskjör hafa orðið fylgifiskur samflotanna.

Afleiðingar samflotanna hafa orðið fleiri: fáveldi í verkalýðshreyfingunni eykst stöðugt og samfara því vex félagsleg deyfð og áhugaleysi meðal félagsmanna um málefni stéttarfélaga sinna. Menn sjá sem er að þáttur samtaka þeirra í baráttunni er orðinn næsta rýr, fyllast vonleysi og hætta þátttöku í því litla starfi sem enn lifir í stéttarfélögunum.

TIL BARÁTTU GEGN SVIKULLI VERKALÝÐSFORYSTU!

ENDURREISUM STÉTTARFÉLÖGIN SEM BARÁTTUTÆKI VERKALÝÐS!

Þórlaug - viðtal

og sinnir forstöðukonustarfinu, er mikilvægur þáttur eftir, en það er leiðbeiningarstarfið sem verður ekki sinnt nógsamlega vegna anna, en það er mikilvægt að allt starfsfólkið sé sem mest samhæft og fylgist að.

Uppsagnir frá 1. júní

- Hverjar eru kröfur ykkar?

- Við höfum tvívegis sent Kjaranefnd Akureyrarbæjar og STAK kröfurnar. Í fyrra skiptið fengum við ekkert svar annað en að kröfurnar yrðu teknar með í samningana þegar þeir yrðu samþykktir. Í síðara bréfinu sögðum við upp frá og með 1. júní ef okkur yrði ekki svarað og kröfunum sinnt.
Kröfurnar eru þær að fóstrur taki laun skv. 11. launaflokki BSRB, einnig að forstöðukonurnar á Árholti og Iðavelli taki laun skv. 13. flokki, en nú eru þær í 12. launaflokki.

- Eru einhverjar aðrar kröfur sem þið viljið koma í gegn?

- Jú, það hafa verið sendar kröfur til BSRB sem eiga við fóstrur, þroskaþjálfara og aðrar starfsstéttir sem vinna að uppeldis og kennslumálum. Það sem okkur viðvíkur, gerðum við þeirra kröfur að okkar kröfum og sendum þær til Kjaranefndar Akureyrarbæjar og í þeim fólst m.a. að yfirmenn og starfsmenn sem starfa við skóladagheimili skuli taka laun allt árið. Vinnuskylda skal vera 40 klst. á viku, þar af skulu 30 klst. vera viðverutími með börnunum, 10 klst. á viku skal varið til undirbúnings fræðslustarfa, starfsmannafunda og foreldrasamstarfs. Í sambandi við þetta atriði er starfsemi dagvistunarstofnana á Norðurlöndum lengra á veg komin, þar er viðverutími með börnunum ekki 40 stundir heldur er þar ákveðinn tími til undirbúnings fræðslustarfa, starfsmannafunda og foreldrasamvinnu. Á þennan hátt gefst nægur tími fyrir hvert atriði: undirbúningsstarf, gæslu barna, viðtöl við foreldrana og starfsmannasamstarf.

Hér er 40 stunda viðverutími með börnunum. Allan undirbúning verður fóstran að leggja á sig sem heimavinnu. Í raun er hægt að hagræða tilviljunarkenndum undirbúningi fræðslustarfa innan vinnutíma en það kemur þá niður á viðverutímanum með börnunum. Sem dæmi um vanmat á starfi fóstra eru áætlaðir tveir foreldrafundir á ári og fær fóstran greiddar 2000. kr. fyrir þá. Það er engan veginn raunhæft því undirbúningurinn og fundurinn með foreldrunum tekur yfir 5 tíma, er þá fóstran með 200 kr. á tímann. Enda eru foreldrafundir mjög sjaldan. Einnig krefjumst við að viðveruskylda skuli vera 25 klst. þegar starfsmenn hafa náð 55 ára aldri. Hver klukkustund sem varið er til til leiðbeiningarstarfa skal metin með 35% álagi fyrir hvern nema sem stundar verklegt nám hjá stofnuninni.

Samstaðan góð

- Hvað með endurmenntun?

- Við krefjumst þess að eiga

frh. af forsíðu

Þórlaug Baldvinsdóttir og eitt barnanna á barnaheimilinu.
Mynd: Verkalýðsblaðið

kost á námskeiðum og reglubundinni þjálfun til þess að viðhalda og auka starfshæfni og víðsýni. Einnig að við fáum eins árs námsleyfi á launum eftir 10 ára starf.

- Eitthvað að lokum?

- Ég vona að Kjaranefnd Akureyrarbæjar taki tillit til þessa, svo við þurfum ekki að hætta störfum. Ég held að ófóstra sem geta og reyna ekki að endurmennta sig verði ekki um framþróun á barnaheimilum að ræða. Aðrir starfsmenn geta haldið í horfinu og vel það.
Samstaðan er góð. Við erum ungar og hressar í anda.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ lýsir yfir samstöðu sinni með baráttu fóstranna á Akureyri.

Viðtal - Guðlaug Pétursdóttir

frh. af forsíðu

-Viltu rekja stuttlega þær sérkröfur sem Sókn gerir nú í samningunum?

-Já, þær eru helstar þessar:
1. Að vaktaálagið verði hækkað - ég veit að mikill áhugi er fyrir því að fá þá kröfu í gegn.
2. Þá er krafa sem varðar sjálfan baráttudag verkalýðsins 1. maí. Við vinnum 1. maí og fáum hann greiddan sem um sunnudag væri að ræða. Við viljum fá tvöfalda greiðslu fyrir 1. maí eins og um stórhátíð væri að ræða. Þetta þarf skilyrðislaust að fá í gegn, mér finnst 1. maí meiri hátíð en jólin!
3. Endurteknar kröfur um óhreinindaálag sem gerðar voru í fyrra en sem eru ófljótt orðaðar í núgildandi samningi.
4. Að allir Sóknarfélagar eigi jafnan rétt á dagvistun til jafns við hjúkrunarfræðinga og lækna.

"JAFNRÉTTI I REYND"

-Þið Sóknarfélagar verðið varir við dálítið sérstætt form á "jafnrétti kynja til starfs og launa" hérna á Kópavogshælinu og öðrum líkum stofnunum?

-Já, þrátt fyrir öll lög um jafnrétti og allt talið um baráttu fyrir jafnrétti kynja, þá viðgengst það hér, að Sóknarkonur ganga í mörg sömu störf og faglærðir ríkisstarfsmenn, en fá lægri laun fyrir störf sín sem nemur í summ tilfellum tugum þúsunda. Okkur hefur verið sagt á fundum í Sókn að þetta muni verða leiðrétt, en ekkert bólar á því enn.
Þá vil ég nefna annað dæmi um sérstætt "jafnrétti" hér. Gefinn er kostur á sækja sérstök námskeið fyrir starfsfólkið til að fá meiri þjálfun í viðkomandi störfum. Þetta eru 90-100 stunda námskeið og námsefnið er heilmikil lesning, enda sniðin við kröfur Sjúkraliðaskólans! Hvers vegna? Jú, á námskeiðunum er m.a. kennt að meðhöndla og gefa lyf, störf sem ætluð eru sjúkraliðum en ekki starfsstúlkum stofnananna. Þannig eru Sóknarkonur notaðar sem ódýrt vinnuafl til að koma í stað faglærðs fólks. Það er endalaust farið í kring um allar reglugerðir og lög. En það er hægt að bæta því við, að Sóknarkonur sem vilja sækja þessi námskeið, verða að gera það að loknum vinnutíma, en fá ekki ekkert kaup greitt, ef námskeiðið lendir á vinnutíma. BSRB-félkið fær hins vegar leyfi á fullum launum til að sækja námskeiðin.

Guðlaug Pétursdóttir
Mynd: Verkalýðsblaðið

"20 ÁRA REYNSLA EINSKIS VERÐ"

-Nú ert þú tiltölulega nýlega farin að vinna utan þíns heimilis. Var 20 ára starf við heimilisstörfin ekki metið sem starfsreynsla þegar þú fórst að vinna í eldhúsinu á Kópavogshæli fyrir 2 árum?

-Ekki var það nú meira en það, að þegar ég byrjaði hérna, vann ég við hlið 16-17 ára skólastúlkna og fékk nákvæmlega sama kaup og þær. Í samningunum í fyrra var í fyrsta sinn sett ákvæði um að meta húsmóðurstarfið sem starfsreynslu.

-Ertu flokksbundin Guðlaug?

-Ég er alls ekkert spennt fyrir neinum flokkanna og stend alveg utan við þá. Fólk er að verða leitt á flokkaþrasinu og segir að þeir séu allir eins. Menn eru meira farnir að meta þá eftir gerðum en orðum.
Ég var einu sinni í Æskulýðsfylkingunni, en aldrei gekk ég samt í Sósíalistaflokkinn. Í Alþýðubandalagið gekk ég því síður, þegar Hannibal stóð að því að stofna það. Mér leist aldrei á Hannibal, hann var svo mikill hentistefnumaður.

"UNGIR STARFSKRAFTAR ILLA NÝTTIR"

-Ertu ánægð með starfsemina í þínu verkalýðsfélagi - Sókn?

-Það er auðvitað svipuð deyfð hjá okkur í Sókn og gengur og gerist í verkalýðshreyfingunni. Margar konur eru orðnar svo þreyttar að loknum vinnudegi að þær hafa hreinlega ekki þrek til félagsstarfsemi. Margar þeirra eru alveg óvanar félagsstarfsemi og telja sig óhæfar til þeirra hluta. Það þarf að kynna starfið í verkalýðsfélaginu mun betur á vinnustaðafundum.
Hins vegar eru ungir og mjög áhugasamir félagar í Sókn, sem sýnt hafa gott starf í félaginu. En hvernig sem á því stendur, þá er eins og þeir séu ekki nýttir nógu vel og stundum jafnvel sniðgengnir.

"BLÓM Í ARNARNESINU"

-Eitthvað að lokum?

-Ja, það væri þá ekki nema það að við viljum auðvitað fá sem besta kjarasamninga núna. Ríkisvaldið og atvinnurekendur eiga nákvæmlega ekkert hjá okkur verkafólki. Það er víst nógu lengi sem við höfum látið okkur nægja að vera síðust. Allt er reynt til að sá sundrungu innan verkalýðsstéttarinnar, t.d. með áróðri um himinhár tekjur iðnaðarmanna og fleiru. Okkur er alltaf sagt að það séu okkar kröfur sem skapi ringulreiðina í þjóðfélaginu. En það eru til peningar í þessu þjóðfélagi þó að við sjáum þá ekki í okkar launaumslögum. Um daginn kom til dæmis frú ein úr Arnarnesinu í blómabúð hér í bænum og keypti afskorin blóm fyrir 37 þúsund krónur til að dreifa um íbúðina hjá sér. Er ekki öruggt að sumir séu jafnari én aðrir í þjóðfélaginu okkar?

Hvað er samfylking?

NÁMSHORN

Barátta norskrar alþýðu gegn inngöngu Noregs í Efnahagsbandalagið og þjóðfrelsisbaráttan gegn bandarísku heimsvaldastefnunni í Víet Nam eru hvorttveggja ágætis dæmi um sigur samfylkingar. Allstaðar þar sem framsækin fjöldabarátta hefur komist á hvað hæst stig hefur samfylkingarformið verið kjarninn í bardagaaðferðinni.

Samfylkingaraðferðin byggist á því að leitast er við að fylkja til baráttu öllum þeim sem hafa sameiginlega hagsmuni af sigri í ákveðnu baráttumáli.

Innan samfylkingarinnar og með baráttu hennar öðlast vinnandi alþýða öðrum þræði rétta stéttarafstöðu, þ.e. lærir hverjir eru vinir og hverjir óvinir, lærir að fylkja sér um kröfur verkafólks og annarrar vinnandi alþýðu í hverju máli og lærir að sigra í framsækinni baráttu. En sigurinn fæst einungis með einarðlegri samstöðu og pólitík sem tekur mið af hagsmunum fjöldans en hvergi af hagsmunum borgarastéttarinnar.

Nærtækt dæmi

Nærtækt dæmi um samfylkingu sem efldi stéttarvitund verkafólks er barátta mjólkurbúðakvenna gegn fjöldauppsögnum. Allar þær konur sem þátt tóku í baráttunni ráku sig á harðan vegg, þar sem var að mæta svikulli stéttarfélags- og verkalýðsforystu, sem ekki tók mið af kröfum þeirra, heldur af hagsmunum borgarastéttarinnar. Hinum sama vegg var að mæta þar sem fyrir voru þingflokkarnir.

Í þessari samfylkingarbaráttu afhjúpuðust óvinirnir fyrir öllum þeim sem þátt tóku það rækilega að í næstu baráttu dettur engum þeirra í hug að vænta meira en málamyndastuðnings frá ASÍ-forustunni og kjaftasnakks frá þingflokkunum. Á þennan hátt lærir verkafólk og önnur vinnandi alþýða með þátttöku sinni í samfylkingum að treysta á eigin samtakamátt og með aukinni baráttureynslu að treysta því að málflutningur marx-leníniste sé réttur.

Samfylking ein steypir ekki auðvaldinu. Hún er höfuðstoð framsæknasta hluta verkalýðs, sem með raunverulegan marx-leníniskan kommúnistaflokk í broddi fylkingar skipuleggur og leiðir valdatöku öreigastéttarinnar.

Neikvætt dæmi

Dæmi um ranga afstöðu til samfylkinga er háttalag KSML/KFÍ/ML er þeir hugðust fá EIK(m-l) til að "samfylkja" undir merkjum KFÍ/ML til stuðnings tékkneskri alþýðu 21. ágúst í fyrra. Þarna hugsaði KFÍ/ML fyrst og fremst um eigin frægð og frama, að auglýsa "flokkinn" en ekki að styðja tékkneska alþýðu. Sá sem brýtur á þennan hátt gegn grundvallarreglum samfylkinga og hugsar meir um eigin hag og að nota samfylkinguna sér til framdráttar, en lætur ekki hagsmuni fjöldans sitja í fyrirrúmi, hann er ekki marx-leníniste.

Verkalýðsblaðið hvetur lesendur sína til að kaupa Baráttuleið Alþýðunnar hjá Októberforlaginu (opnunartímar auglýstir á öðrum stað í blaðinu) og kynna sér nánar hinar ýmsu tegundir samfylkinga.

Afstaðan til „KFÍ/ML"

Klofningurinn á svonefndum vinstri væng var öllum augljós 1. maí.

Hópurinn sem nefnir sig "Kommúnistaflokk Íslands" sakar EIK(m-l) um vísvitandi klofningsstarfsemi og um að viðhalda tilbúnum klofningi milli sín og "flokksins". EIK(m-l) hafa lagt fram sameiningargrundvöll íslenskra marx-leníniste (í sept. 1976) og nákvæma gagnrýni á grundvallarstefnu "KFÍ/ML og stefnu hópsins í daglegri baráttu. Þær greinar má m.a. finna í Rauðliðanum tímariti EIK(m-l) 2/76, í síðustu 5-lo tölublöðum Verkalýðsblaðsisins og í sérprentun sameiningarplaggsins. "KFÍ/ML" hefur ekki svarað þessu einu einasta orði né heldur gert athugasemdir að gagni við sameiningargrundvöllinn. Í trekun EIK(m-l) í opnu bréfi í nóvember síðastliðinn bar engan árangur.

EIK(m-l) vísa því ásökunum "KFÍ/ML" algjörlega á bug.

EIK(m-l) merkja þögn "KFÍ/ML" annars vegar og sífellt nauð um "samvinnu og einingu" hins vegar sem tilraunir til að fela skipsbrot "flokksins" og getuleysi til að tileinka sér marx-leníniseman. EIK(m-l) slá því föstu að "KFÍ/ML" standi í vegi fyrir einingu kommúnista og fjarlægist því meir framsækna stöðu sem lengra líður.

EIK(m-l) setja enn einu sinni fram afstöðu sína og kröfur til "KFÍ/ML" og krefjast svara strax. Í 2. tbl. Verkalýðsblaðsins '77 segir:

Hvað vill EIK(m-l)?

Sameining íslenskra marx-leníniste til uppbyggingar kommúnistaflokksins er og verður stefna EIK(m-l).

Í Verkalýðsblaðinu var tekin afstaða til "KFÍ/ML" - 1.tbl. '77: -"KFÍ/ML" er endurskoðunarsinnaður hentistefnuflokkur. Við hann verður hvorki samvinna né viðræða -

Hún mun standa þar til:

1. "KFÍ/ML" hefur gert upp við fyrri villur og forsögu sína.
2. "KFÍ/ML" hefur samþykkt sameiningargrundvöll EIK(m-l)f höfuðatriðum.
3. "KFÍ/ML" viðurkennir að EIK(m-l) séu marx-leníniskt samtök og stofnun þeirra hafi ekki verið klofningsaðgerð, heldur jákvæð framsókn marx-leníniseman
4. "KFÍ/ML"svarar opnu bréfi úr Verkalýðsblaðinu 12. tbl. '76.

Þá fyrst eru EIK(m-l) reiðubúin til umræðna eða ráðstefnuhalda.

Framhald af forsíðu

Stéttarfélögin

Hún hefur sölsað undir sig allt samningsumboð aðildarfélaganna og getur þannig komið í veg fyrir að almennir félagsmenn fái að hafa áhrif á gang mála. Krafa okkar hlýtur því að vera sú, að félögin sjálf semji beint og að samninganefnd ASÍ verði leyst upp. Samninganefndir og verkfallsnefndir félaganna verði kosnar á alemnum félagsfundum. Ekki verði farið út í allsherjarverkfall, heldur hafi verkfallsnefndir félaganna samráð um skæruverkföll er stöðvi sem allra mest af framleiðslunni, en kosti jafnframt sem bærilegastar fórnir fyrir verkafólk. Verkafólk sem ekki er í verkfalli getur þá stutt verkfallsmenn með fé. Mun ekki af veita, því að stjórnir verkalýðsfélaganna hafa vandlega gætt þess að hafa verkfallssjóðina svo gott sem tóma nú þegar allsherjarverkfall er yfirvofandi!

STÉTTARFÉLÖGIN VERÐI BARÁTTUTÆKI VERKALÝÐSINS!

Það er augljóst, að hinir svokölluðu verkalýðsforingjar munu ekki beita sér fyrir því að sú baráttuaðferð sem lýst er hér að framan - leið skæruverkfallanna - verði notuð. Nei, takmark þeirra er ekki það, að verkafólkið nái árangri í baráttu sinni, heldur þvert á móti að mata sína eigin króka úr bitlingajötu ríkisvalds og atvinnurekenda: "hafa vit fyrir auðvaldinu" og gæta hagsmuna borgaralegu stjórnmálaflokkanna sem þeir eru allir útsendarar frá. Meðan þessir menn fá að ráðskast með verkalýðsfélögin eins og væru þau þeirra eigin einkafyrirtæki, þá næst enginn árangur. Þess vegna verðum við sjálf að endurreisa stéttarfélögin sem raunverulegt baráttutæki verkalýðsins!

Í því felst m.a. það, að verkalýðsfélögin þjóni verkafólkinu sjálfu en ekki verkalýðspáfum, eins og nú er. Að lýðræði sé virkt og virt í verkalýðsfélögunum, en ekki einhliða miðstýring eins og nú tíðkast. Að barátta sé skipulögð af verkalýðsfélögunum gegn atvinnurekendum og ríkisvaldi, í stað undanslátta og samningamakks.

Því eru mikilvægustu kröfur verkalýðsbaráttunnar eftirfarandi:

ENDURREISUM STÉTTARFÉLÖGIN SEM BARÁTTUTÆKI VERKALÝÐSINS!

GEGN STÉTTASAMVINNUSTEFNU ASÍ-FORYSTUNNAR!

LEIÐARI

Framhald af bls. 2

stéttabaráttunnar fram gegn henni. Hún felst m.a. í kröfum sem miða að því að ryðja burt stéttasamvinnuforkólfunum og gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum. Hún felst m.a. í að læra af reynslunni sem bendir til þess að svikasamningar verði að þessu sinni og snúast gegn þeim.

Hún felst m.a. í að snúa af þeirri braut sem ASÍ-forystan hefur markað verkfallsbaráttu - máttlaus allsherjarverkföll fyrir undanlátssamningum og gervikjarabótum.

EIK(m-l) berjast gegn láglaunastefnunni og fyrir stéttabaráttustefnu innan verkalýðshreyfingarinnar. Kröfur samtakanna eru:

- 110 þúsund króna lágmarkslaun án málamiðlunar.
- Óskertar vísitölubætur á laun.
- Kjörnar samninganefndir stéttarfélaga taki samningsvaldið úr höndum samninganefndar ASÍ.

úr starfinu

Til áskrifenda

Áskrifendur VERKALÝÐSBLAÐSINS munu hafa orðið þess varir í árs byrjun að þeim voru sendar póstávísanir fyrir áskriftargjaldi.

Margir áskrifendur hafa ekki greitt þær. Það er bagalegt þar eð blaðið byggir eingöngu á framlögum lesenda. Þeir sem ekki greiða gjöld sín fyrir miðjan júní fá ekki 6.tbl.sent. Féð er unnt að greiða með póstávísun eða inn á gíró 12200.

ÁSKRIFENDUR - BREGÐIST SKJÓTT VIÐ!

NÝR RAUÐLIÐI

1.tbl 3.árgangs RAUÐLIÐANS er nýútkomið hjá Októberforlaginu.

RAUÐLIÐINN er tímarit EIK(m-l) um vísindalegan sósíalisma og alþýðumenningu.

Að þessu sinni geymir tímaritið greinar um trotskismann, marxíska hagfræði og ritdóm um bókina "Kapítalismi - kommúnismi - sósíalismi. Að auki eru greinar um stéttgreiningu eftir Enver Hoxha og V.I.Lenín.

Ritið kostar 250 kr.í lausasölu en 600 kr.í áskrift fyrir 3 tbl.

Glæsilegur árangur í fjársöfnunni :

160 þús. kr. hafa safnast!

Söfnunin "100 áskrifendur og 100 þúsund krónur fyrir 1. september" hefur nú staðið í 2 mánuði, en hún hófst í mars-apríl blaði Verkalýðsblaðsins. Nú þegar hafa safnast um 160 þúsund krónur í söfnuninni og munu peningarnir ganga til kaupa á nýrri rafmagnsritvél fyrir blaðið.

Hefur ritstjórn þar með ákveðið að ritvélasöfnuninni sé lokið en áskrifendasöfnunin heldur áfram. Ritstjórn hvetur lesendur og stuðningsfólk til að safna fleiri áskrifendum, - á þeim byggist traustur fjárhagur blaðsins!

Nú verður hleypt af stokkunum fjársöfnun sem stendur til áramóta. Nú er markmiðið sett hærra: 500 þúsund. Peningarnir verða notaðir til kaupa á prentvél fyrir Verkalýðsblaðið. Þannig byggir blaðið sjálfstæði sitt upp, stig af stigi. Blaðið er og verður borið uppi af lesendum andstætt öllum öðrum blöðum á landinu : Öll dagblöðin lifa á styrkjum ríkisvaldsins og auglýsingum braskara og burgeisa, Stéttabaráttan lifir á peningaaustri úr vösum einstakra félaga "Kommúnistaflokksins" og Neisti lifir líklega á framlögum "4. alþjóðasambands" trotskista.

Gegn öllu þessu er Verkalýðsblaðið með lesendur, sem einu máttarstoðirnar.

Byggjum málgagn verkalýðsins!
Sprengjum söfnunarkvótann fyrir áramót!

Stuðningsfólk takið eftir!

Bein þátttaka í baráttu og starfi EIK(m-l) við smíði hins nýja kommúnistaflokks er mikilvægasta framlag sérhvers baráttusinna og kommúnista á Íslandi til stéttabaráttunnar. Til þess skrefs liggja þó yfirleitt mörg önnur. Menn öðlast stig af stigi þá verkalýðssinnuðu stéttarafstöðu að líta á skipulagt stjórnmálastarf sem aðalstarf í og utan vinnu (náms). Skipulegt nám í marx-leníniseman / kenningum Maó Tsetungs (leshringir) ásamt baráttu með framsæknum öflum er sú leið sem flestir fara að þessu marki.

EIK(m-l) munu á næstu mánuðum koma betur en áður til móts við stuðningsmenn marx-leníniseman og annað baráttufólk. Annars vegar eru nú gerðar úrbætur á leshring samtakanna. Hann styttur og gerður markvissari. Hins vegar undirbúa samtökin stofnun opinberra stuðningsdeilda í Reykjavík, á Akureyri og í nokkrum borgum á Norðurlöndum.

Geta allir sem styðja EIK (m-l) sem undirbúningssamtök að stofnun kommúnistaflokks tekið þátt í þessu starfi. Stuðningsdeildirnar munu halda uppi fræðslustarfi, umræðum um Verkalýðsblaðið, skipuleggja starf aðildarfólks í samfylkingum eða með EIK(m-l) án þess að þessir félagar gegni skyldum gagnvart samtökunum ofl.

Stuðningsdeildirnar verða gerðar opinberar smám saman. Fyrst um sinn geta stuðningsmenn haft samband við sölumenn Verkalýðsblaðsins, skrifstofu EIK(m-l) (ekki símleiðis!) eða fulltrúa EIK(m-l) á opinberum fundum.

Félagar, stuðningsmenn - Ljáið kommúnískri hreyfingu lið! Gerist stuðningsfélagar og félagar EIK(m-l)!

VERKALÝÐSBLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)

Ábyrgðarmaður: Albert Einarsson

LAUGAVEGI 178, 2. HÆÐ
POSTHÓLF 5186, REYKJAVÍK
SÍMI 84210 - 35904

Gerist áskrifendur

Stuðningsáskrift: kr 2500 Ársáskrift: kr. 1500
Hálfársáskrift: kr. 800

Áskrift greiðist á giró 12 200

+ 1. MAÍ ÁRIN 1974 og 1975 STUDDI ALÞÝÐUBANDALAGIÐ Á AKUREYRI AÐGERÐIR BARÁTTUSINNA MEÐ HÖFUÐKJÖRORÐ GEGN STÉTTASAMVINNUSTEFNU ASÍ-FORYSTUNNAR. ENNFREMUR STUDDI ÞAÐ VINSTRI ARMINN Í VERKALÝÐSFÉLAGINU EININGU SEM ÁSAMT ÝMSUM VERKALÝÐSFELÖGUM Á NORÐURLANDI MYNDAÐI ANDSTÖÐU INNAN ALÞÝÐUSAMBANDSINS 1973,'74 og '75.

+ 1. MAÍ Í ÁR STÓÐ ALÞÝÐUBANDALAGIÐ Á AKUREYRI AÐ AÐGERÐUM MEÐ HINNI AFTURHALDSSÖMU EININGARSTJÓRN O.FL. OG GAGNRÝNDI ASÍ-FORYSTUNA HVORKI Í KRÖFUM NÉ RÆÐUM.

+ ALÞÝÐUBANDALAGIÐ ER SUNDURLEITUR FLOKKUR. "RÓTTÆKU MENNIRNIR" Í FLOKKNUM SEGJAST VINNA AÐ ÞVÍ INNAN FRÁ, AÐ BREYTA HONUM Í "MARXÍSKAN" FLOKK. SUMIR SEGJAST MUNU KLJÚFA FLOKKINN ELLA. Í SEINNI TÍÐ HAFA TROTSKISTAR GENGIÐ INN Í FLOKKINN TIL LIÐS VIÐ ÞÁ.

+ LEIÐANDI ALÞÝÐUBANDALAGSMENN Á AKUREYRI, SVO SEM HELGI GUÐMUNDSSON, TILHEYRA ÞESSUM "VINSTRI-ARMI".

+ NÚ ER RÉTT AÐ SKOÐA PÓLITÍSKT HLUTVERK "VINSTRI" ALÞÝÐUBANDALAGSMANNANNA Á AKUREYRI.

Eftir 1. maí á Akureyri

„Vinstri" - Alþýðubandalagsmenn þjóna stéttasamvinnunni

Barátta tveggja stefna

Í verkalýðshreyfingunni berjast tvær stefnur í hverju máli - borgaraleg og öreigasinnuð - og getur sú borgaralega reyndar birst í mjög mismunandi myndum. Það sem skýrast aðgreinir þær er, að sú öreigasinnaða berst fyrir einingu verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttu, en sú borgaralega fyrir einingu afla út fyrir hinn stéttarlega grundvöll, einingu með andstæðingunum (eða hluta þeirra) - þ.e. stéttasamvinnustefna.

Þessar stefnur hafa barist í verkalýðs- og alþýðuhreyfingum allra landa og hafa sigrar stéttasamvinnustefnunnar alltaf táknað tímabundna sigra borgara stéttarinnar - sbr. Evrópu (utan Albaníu) eftir rússnesku gagnbyltinguna 1956 og víða fyrr. Þetta verðum við að skýra áður en lengra er haldið.

Sigur stéttasamvinnu á Íslandi

Á 4. áratugnum á Íslandi börðust þessar tvær stefnur grimmt í líki Alþýðuflokksins og Kommúnistaflokksins. Árið 1938 beið stéttabaráttustefnan mikinn ósigur er KFÍ féll fyrir endurskoðunarsinnum er boðuðu þingræðisleið til sósíalismans. Sósíalistaflokkurinn boðaði "tímabundinn stéttafrið" með Nýsköpunarstjórninni 1944. Á 5. áratugnum þróaðist Sósíalistaflokkurinn hratt úr verkalýðsflokki í borgaralegan þingræðisflokk. Starf hans í verkalýðshreyfingunni stórhnignaði og kommúnistar og baráttusinnar töpuðu fylgi. Þegar hann svo náði forystustöðu í ASÍ (með Hannibal) 1954 var ASÍ tæki stéttasamvinnustefnunnar og hefur verið það síðan.

Sigur stéttasamvinnustefnunnar er ógæfa íslenskrar verkalýðshreyfingar og hefur leitt af sér stöðugt undanhald verkalýðsins í stéttabaráttunni og versnandi kjör. Borgarastéttin hefur yfirtekið verkalýðshreyfinguna, verkalýðsforystan er orðinn hluti auðvaldsins og allar málamiðlanir við hana því hrein svik. Svo einfalt er það.

Straumar í verkalýðshreyfingunni

Síðan 1938 hafa baráttusinnar í verkalýðshreyfingunni á Íslandi ekki átt sér neitt pólitískt forystuafl, og hefur barátta þeirra því verið slitrótt og veik. Þó hefur barátta þeirra aldrei verið kæfð. Sem dæmi má nefna Akranessverkfallið (í trássi við ASÍ-forystuna) 1975. Annað dæmi var straumur baráttustefnu í norðlenskri verkalýðshreyfingu 1973-75. Viðkomandi félög börðust gegn undanslátt-arstefnu ASÍ í kröfugerð og aðgerðum og vildu vinna gegn miðstjórnarvaldinu í ASÍ. Það olli miklum óþægindum innan ASÍ. Björn Jónsson skar þá upp herör með hjálp fhalds og framsóknar með þeim afleiðingum að leppur hans, Jón Helgason, felldi Jón Ásgeirsson & Co. í Einingarkosningum í janúar 1974. Með því var sárasti broddurinn brotinn af "norðanfylkingunni", en þá hafði myndast meðal verkafólks, m.a. á Akureyri kröftug andstaða gegn forystu ASÍ og öllum hennar starfsaðferðum og stefnu.

Ólán "norðanfylkingarinnar" var hve tengd hún var Alþýðubandalaginu, þótt það væri einmitt "vinstri" öfl flokksins. Við sjáum skýrt innihaldið í pólitík þeirra 1. maí á Akureyri undanfarin ár.

Árin 1974 og '75 (og að nokkru '73) gekk forysta Alþýðubandalagsins á Akureyri (Jón Ingimarsson undanskilinn) undir kjörorðum gegn stéttasamvinnu 1. maí. Bæði kom það til af áhrifum Jóns Ásgeirssonar, þrýstingi baráttusinna til vinstri við AB og óbeit almenns stuðningsfólks Alþýðubandalagsins á fulltrúum ASÍ-forystunnar fyrir norðan.

Fyrir 1. maí '76 hafði samkomulag náðst með baráttusinnum og fulltrúum Ab. Þá var Stefán Jónsson sendur að sunnan með þá línu að samvinna skyldi höfð við verkalýðsafturhaldið á Akureyri. Ab-forystan hér nyrðra beygði sig. Hins vegar var almennt Ab-stuðningsfólk óánægt að ganga með Jóni Helgasyni & Co. svo forystan sat heima á maí.

Í ár hunsaði "róttæka" Ab-forystan á Akureyri allt samstarf við baráttusinna, stóð fyrir aðgerðum með verkalýðsfélögunum og rak ekki upp bofs til gagnrýni á ASÍ-forystuna. Fyrr má nú vera sveigjanleg stefna!

Hlutverk Ab: að éta baráttuna

Hlutverk "róttæku Ab-mannanna" er:

a) forðast að taka ábyrgð á pólitík ASÍ-forystunnar og jafnvel Ab-forystunnar - gagnrýna hana í eyru róttækra

b) styðja hana í reynd og fylkja róttæku fólki undir merki hennar.

Nú er andstaðan gegn stéttasamvinnustefnunni á Akureyri og víðar fyrir norðan frá því 1974 mikið til brotin niður og étin upp af flokksvél Alþýðubandalagsins. Það jákvæða starf sem t.d. Helgi Guðmundsson og Kolbeinn Friðbjarnarson unnu í verkalýðshreyfingunni '73 - '75 taka þeir aftur og meira til í atkvæðaveiðum fyrir hinn arma þingflokk Alþýðubandalagsins og tilheyrandi faðmlögum við stéttasamvinnumenn.

Hinar andstæðu hliðar í akureyskri verkalýðshreyfingu eru komnar á hreint og það er gott. Í afturhaldshliðinni eru Alþýðufl., Alþýðubandalagið og trotskistar (fáir og smáir). KFÍ/ML á staðnum er dauður. Í framsæknu hliðinni eru engin pólitísk samtök önnur en EIK (m-l).

Fólk í Alþýðubandalaginu, sem raunverulega vill gagnast vinnandi alþýðu verður að yfirgefa flokkinn. Allt annað er að skemmta skrattanum.

Kommúnistar eru andvígir atvinnuleysi. Þeir eru andsnúnir erlendri stóriðju og þeir eru andsnúnir orkusölu til erlendra auðhringja. Kommúnistar eru talsmenn baráttu fyrir lífvænlegum launum fyrir venjulega dagvinnu og fullum þjóðfélagsvöldum verkalýðsstéttarinnar og bandamanna úr röðum vinnandi alþýðu.

En táknar þetta þá að kommúnistar taki þátt í því að hlaða undir íslenskt auðvald, hjálpa því að skipuleggja framleiðsluna og alla uppbyggingu auðvaldsþjóðfélagsins á Íslandi. Eiga kommúnistar að feta í fótspor Einars Olgeirssonar og skoðanabræðra hans, sem varið hafa mörgum áratugum í að reyna að "koma vitinu fyrir íslenska burgeisa". Táknar þetta að kommúnistar "dragi saman segl" í kjarabaráttunni, þannig að íslensku auðvaldi verði forðað frá efnahagslegum kollsteypum og upp komi atvinnuleysi? Táknar þetta að kommúnistar styðji íslenska auðhringi, þannig að erlendir auðhringar komist hér ekki með arðránsklær sínar?

Svarið við öllu þessu er nei.
Íslenskt auðvald arðrænir og undirokar verkalýð og alla vinnandi alþýðu landsins. En efnalega og pólitíska baráttu gegn íslensku auðvaldi verður að tengja baráttunni gegn erlendri ásælni. Íslenska auðvaldið vinnur með erlendu auðvaldi á margvíslegan hátt og ávallt með eflingu sjálfs sín í huga.

Þrælslund Þjóðviljans

EIK(m-l) hafa sýnt fram á, hvernig Alþýðubandalagið felur stéttasamvinnu sína og falsmarxisma á bak við sósíalískt orðskrúð. EIK(m-l) hafa sýnt fram á, að enginn grundvallarmunur er á kröfum Alþýðuflokks og Alþýðubandalags. Báðir aðilar biðla sífellt til auðvaldsins, stefna að samfélagi ríkisauðvalds og hlaða undir "íslenska atvinnuvegi til hagsbóta fyrir almenning". Þessa pólitík kunna íslenskir iðnrekendur vel að meta, enda er hún óskastefna þeirra. Þannig staðfestir stefna Alþýðubandalagsins ágætlega þann gamla sannleik, að endurskoðunarsinnar (kratar) eru helsta hjálparhella auðvaldsins í verkalýðshreyfingunni.

Fyrir skömmu bárust fólki tvö auglýsingablöð Þjóðviljans, borin uppi af auglýsingum auðfyrirtækja og afturhaldssinna. Þar var einnig að finna langt viðtal við Davíð Sch. Thorsteinson formann Fél. ísl. iðnrekenda og marga pistla um "uppbyggingu íslensks atvinnulífs."

Grundvallarstefna Alþýðubandalagsins í þessum málum virðist þessi, samkvæmt auglýsingablöðunum:

"GRUNDVÖLLUR FRAMFARA, BETRI LÍFSKJARA OG EFNAHAGSLEGS SJÁLFSTÆÐIS - ÍSLENSK ATVINNUSTEFNA".

Nýr samherji þjóðviljans

Von um Nýsköpunarstjórn?

Þjóðviljinn nefnir ýmsa þætti þessarar stefnu:
1. Stofnun fjársterks sjóðs til að leggja fram áhættufjármagn til örvunar iðnþróun.
2. Aukinn ríkisrekstur þess ríkisvalds sem auðvaldið hefur byggt upp í áratugi og getur aðeins þjónað hagsmunum þess í heild.
3. Atvinnulýðræði.
4. Vöxtur framleiðslu og framleiðni í iðnaði til þrifa fyrir alþjóð - þ.e. atvinnurekendur í sameiningu!

"Sameiginlegt áhugamál"

Síðan staðfestir einn stéttasamvinnupáfi Alþýðubandalagsins "sameiginlegt áhugamál iðnverkafólks og iðnrekenda" - uppbyggingu iðnaðarins.

Við þetta bætir varaformaður Iðju eftirfarandi:

"Ég tek undir orð Davíðs Sch. ...að iðnrekendur séu reiðubúnir að hækka kaup iðnverkafólks ef iðnaðinum eru búin sömu skilyrði og öðrum atvinnuvegum".

Margir af stuðningsmönnum Alþýðubandalagsins hafa fórnað höndum yfir þessari augljósu stéttasamvinnu og þrælslund gagnvart höfuðfjanda verkalýðs og alþýðu: auðstéttinni. Ekki er að furða. Kratismi nn er alþýðunni þyrnir í augum.

Það er hægt að laga lífskjörin á tvennan hátt. Annaðhvort með því að flytja burt 50 til 70 þúsund landsmanna, eða þá að einhenda sér á iðnaðinn sem undirstöðuatvinnuveg og auka framleiðni hans og framleiðslu."
ÞJÓÐVILJINN

Hinn nýi samherji Þjóðviljans, Davíð Sch. Thorsteinsson, formaður samtaka ísl. iðnrekenda. Hann er hugmyndafræðingur Alþýðubandalagsins í "Ísl. atvinnustefnunni"-nýjustu skrautfjöður flokksins.

Er til önnur leið?

Í stað biðlana Alþýðubandalagsins til íslensks auðvalds verður að smíða einingu verkalýðs og annarrar vinnandi alþýðu á grundvelli stéttabaráttunnar - ósættanlega andstæðu milli atvinnurekenda og verkafólks. Í stað þrælslundarinnar og tilrauna til að kenna fólki að leið til betra lífs sé efling "íslensks arðráns", verður að setja baráttustefnu gegn innlendu og erlendu auðvaldi.

Leiðin til betra lífs er vörðuð átökum gegn stéttaróvininum, baráttu fyrir sósíalísku þjóðfélagi og byltingar - valdatöku verkalýðs og alþýðu. Sú barátta tekur samtímis til baráttu fyrir verndun sjálfsákvörðunarréttar íslensku þjóðarinnar og sjálfræði hennar. Það verður ekki gert með því að hlaða stöðugt undir íslenska peningafursta, heldur með því að stöðva allar tilraunir til erlendra fjárfestinga á Íslandi, fyrst og fremst með fjöldabaráttu utan þingsins.

En einu má ekki gleyma: Fólskum verkalýðsforingjum sem prédika um sameiginlegan hag auðvalds og verkafólks og þeim sem „vönguðu" erlent auðvald í stjórnarsetu "vinstri" stjórnar, verður að víkja til hliðar.

Verkafólk - alþýða! Snúið baki við Alþýðubandalaginu!